SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

2017/2018

STARFSÁRIÐ
2017/18

HILDUR GUÐNA DÓTTIR
IBERT
JÓN LEIFS
JÓNAS TÓMASSON
KJARTAN SVEINSSON
KLEIN
LEHÁR
LUTOSŁAWSKI
MAHLER
MARÍA HULD MARKAN
MENDELSSOHN
MESSIAEN
MOZART
MÚSORGSKÍJ
NORMAN
OFFENBACH
PÁLL RAGNAR PÁLSSON
PÄRT
POULENC
PRICE
PROKOFÍEV
RAKHMANÍNOV


RAVEL SAARIAHO
SALONEN SCHUBERT
SCHUMANN SHELDON
SHOSTAKOVITSJ
SIBELIUS
STAMITZ STRAUSS
STRAVINSKÍJ SUPPÉ
TSJAJKOVSKÍJ
WILLIAMS WAGNER
WALDTEUFEL
WEBERN ZIMMERMANN
ÞÓRÐUR MAGNÚSSON
ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR

2017

ÁGÚST

LAU **19** ÁGÚ 15:00

MENNINGARNÓTT
FJÖLSKYLDU-TÓNLEIKAR

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Ævar Þór Benediktsson gestir

Úrval úr dagskrá Litla tónsprotans

LAU **19** ÁGÚ 17:00

MENNINGARNÓTT
RÓMEÓ OG JÚLÍA

Keri-Lynn Wilson hljómsveitarstjóri

Sigurður Þór Óskarsson sögumaður

Þórunn Arna Kristjánsdóttir sögumaður

Sergej Prokofíev
Rómeó og Júlía, balletttónlist

Pjotr Tsjajkovskíj
Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

SEPTEMBER

PÓS **01** SEP 20:00

KLASSÍKIN OKKAR

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Þóra Einarsdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Elmar Gilbertsson, Ólafur Kjartan Sigurðarson og Kristinn Sigmundsson einsöngvarar

Kór Íslensku óperunnar
Magnús Ragnarsson kórstjóri

Óperukórinn í Reykjavík
Garðar Cortes kórstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir og Guðni Tómasson kynnar

FIM **07** SEP 19:30

PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS II

Matthew Halls hljómsveitarstjóri

Paul Lewis einleikari

Franz Schubert
Rósamunda, forleikur

Franz Schubert
Forleikur í ítölskum stíl

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 1

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 4

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM **14** SEP 19:30

STEFÁN RAGNAR OG TORTELIER

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri

Stefán Ragnar Höskuldsson einleikari

Charles Gounod
Sinfónía nr. 1

Jacques Ibert
Flautukonsert

Witold Lutosławski
Konsert fyrir hljómsveit

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM **21** SEP 19:30

FRÖNSK VEISLA

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri

Lucas og Arthur Jussen einleikarar

Paul Dukas
Lærisveinn galdrameistarans

Francis Poulenc
Konsert fyrir tvö píanó

Maurice Ravel
Valses nobles et sentimentales

Maurice Ravel
Pavane fyrir látna prinsessu

Jacques Offenbach
Þættir úr Gaîté Parisienne

Tónleikakynning kl. 18:00

SUN **24** SEP 17:00

UNGSVEITIN SPILAR VORBLÓT

Daniel Raiskin hljómsveitarstjóri

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Igor Stravinskíj
Vorblót

LAU **30** SEP 14:00

ASTRID LINDGREN TÓNLEIKAR

Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Sigurður Þór Óskarsson söngvarar

Jóhann G. Jóhannsson útsetningar

Kór Kársnesskóla
Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri

Tónlist úr Línu langsokk, Emil í Kattholti og fleiri ævintýrum.

OKTÓBER

ÞRI **03** OKT 19:30

KAMMERTÓNLEIKAR
LEILA JOSEFOWICZ

Leila Josefowicz einleikari

John Novacek meðleikari

Jean Sibelius
Valse triste

Sergej Prokofíev
Fiðlusónata nr. 1 í f-moll

Bernd Alois Zimmermann
Sonata 1950

John Adams
Road Movies

FIM **05** OKT 19:30

LA / REYKJAVÍK

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Leila Josefowicz einleikari

Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfsdóttir kórstjóri

Igor Stravinskíj
Sálmasinfónía

John Adams
Scheherazade.2

Tónleikakynning kl. 18:00

SUN **08** OKT 17:00

KAMMERTÓNLEIKAR
CALDER STRENGJA-KVARTETTINN

Benjamin Jacobson fiðla

Andrew Bulbrook fiðla

Jonathan Moerschel víóla

Eric Byers selló

Franz Schubert
Strengjakvartett í d-moll, Dauðinn og stúlkan

Esa-Pekka Salonen
Homunculus

Daníel Bjarnason
Stillshot

Andrew Norman
Stop Motion

FIM **12** OKT 19:30

HOLLYWOOD / REYKJAVÍK

Richard Kaufman hljómsveitarstjóri

Tónlist úr vinsælum kvikmyndum
Ben-Húr, Brúnni yfir ána Kwai, Gone with the Wind, Sunset Boulevard, The Monuments Men, Breakfast at Tiffanys, Súperman og Stjörnustríði.

LAU **21** OKT 11:30

BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR

Tónleikar í Hörpu fyrir yngstu tónlistarunnendurna.

Aðgangur ókeypis.

FIM **26** OKT 19:30

OTTENSAMER OG CANELLAKIS

Karina Canellakis hljómsveitarstjóri

Andreas Ottensamer einleikari

Felix Mendelssohn
Draumur á Jónsmessunótt, forleikur

Carl Stamitz
Klarínettkonsert í Es-dúr

Amy Beach
Bercause

Johannes Brahms
Ungverskur dans nr. 7

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 2

Tónleikakynning kl. 18:00

NÓVEMBER

FIM **02** NÓV 20:00

ÍSLENSK HLJÓMSVEITARVERK:
SINFÓNÍAN Á AIRWAVES

Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

Anna Þorvaldsdóttir
Dreymi

Hildur Guðnadóttir
Undir tekur yfir

María Huld Markan Sigfúsdóttir
Aequora

Þuríður Jónsdóttir
Flow and Fusion

FIM **09** NÓV 19:30

TORTELIER STJÓRNAR RAKHMANÍNOV

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri

Radek Baborak einleikari

Þórður Magnússon
Námur

Reinhold Glière
Hornkonsert

Sergej Rakhmanínov
Sinfóníuskir dansar

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM **16** NÓV 19:30

MYNDIR Á SÝNINGU

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Sergei Krylov einleikari
Claude Debussy
Forleikur að Síðdegi skógarpúkans
Sofia Gubaidulina
Offertorium
Modest Músorgskíj/Maurice Ravel
Myndir á sýningu

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM **30** NÓV 19:30

VÍKINGUR LEIKUR MOZART

Dima Slobodeniouk hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari
Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókonsert nr. 24 í c-moll
Richard Strauss
Ein Heldenleben (Hetjulíf)

Tónleikakynning kl. 18:00

DESEMBER

FÖS **01** DES 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN

MOZART OG ARVO PÄRT

Nicola Lolli fiðluleikari
Sigurgeir Agnarsson sellóleikari
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari og stjórnandi
Arvo Pärt
Für Alina
Arvo Pärt
Mozart-Adagio
Wolfgang Amadeus Mozart
Fantasía fyrir píanó í c-moll
Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókonsert nr. 24 í c-moll

FIM **07** DES 19:30

AÐVENTUTÓNLEIKAR

BACH OG MOZART

Jonathan Cohen hljómsveitarstjóri
Sally Matthews einsöngvari
Johann Sebastian Bach
Hljómsveitarsvíta nr. 3 í D-dúr
Wolfgang Amadeus Mozart
Exsultate, jubilate
Wolfgang Amadeus Mozart
Così fan tutte, forleikur
Wolfgang Amadeus Mozart
Porgi amor, úr Brúðkaupi Fígarós
Wolfgang Amadeus Mozart
Martern aller Arten, úr Brottnáminu úr kvennabúrinu
Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 31

Tónleikakynning kl. 18:00

LAU **16** DES 14:00 / 16:00
SUN **17** DES 14:00 / 16:00

JÓLATÓNLEIKAR

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Margrét Eir og Kolbrún Völkudóttir söngvarar
Stúlknakór Reykjavíkur og Litlu sprotarnir
Listdansskóli Íslands
Saxófónhópur Tónlistarskóla Garðabæjar
Ungir einleikarar
Robert Sheldon
Jólaforleikur
John Francis Wade
Adeste Fideles (Frá ljósanna hásal)
Pjotr Tsjajkovskíj
Dansar úr Hnotubrjótnum
Jester Hairston
Mary's Boy Child
Sígild jólalög

2018

JANÚAR

FIM **04** JAN 19:30
FÖS **05** JAN 19:30
LAU **06** JAN 16:00 / 19:30

VÍNARTÓNLEIKAR

Karen Kamensek hljómsveitarstjóri
Valgerður Guðnadóttir einsöngvari
Kolbeinn Ketilsson einsöngvari
Óperettutónlist og valsar eftir **Franz von Suppé, Emile Waldteufel, Johann Strauss yngri** og **Franz Lehár**, m.a. úr **Leðurblökunni** og **Kátu ekkjunni**

Tónleikakynning 4. jan kl. 18:00

FIM **11** JAN 19:30

UNGIR EINLEIKARAR

Daniel Raiskin hljómsveitarstjóri
Sigurvegarar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands.

Efnisskrá kynnt síðar

FIM **18** JAN 19:30

SVO MÆLTI ZARAÞÚSTRA

David Danzmayr hljómsveitarstjóri
Alban Gerhardt einleikari
Grażyna Bacewicz
Forleikur fyrir hljómsveit
Dmítrij Shostakovitsj
Sellókonsert nr. 1
Richard Strauss
Also sprach Zarathustra

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM **25** JAN 18:00

UNGSVEITIN Á MYRKUM

Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands
John Luther Adams
Sila: The Breath of the World

FIM **25** JAN 19:30

SÆUNN OG VÍKINGUR

Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari
Páll Ragnar Pálsson
Quake fyrir selló og kammersveit
Haukur Tómasson
Píanókonsert nr. 2

Önnur verk kynnt síðar

FÖS **26** JAN 12:00

YRKJA – UPPSKERU-TÓNLEIKAR

Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Efnisskrá kynnt síðar

FEBRÚAR

FIM **01** FEB 19:30

PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS III

Matthew Halls hljómsveitarstjóri
Paul Lewis einleikari
Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan, forleikur
Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn
Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 41, Júpíter

Tónleikakynning kl. 18:00

SUN **04** FEB 17:00

EINLEIKSTÓNLEIKAR

PAUL LEWIS

Paul Lewis einleikari
Joseph Haydn
Píanósónata í C-dúr Hob. XVI/50
Ludwig van Beethoven
11 bagatellur op. 119
Johannes Brahms
6 píanóstykki op. 118
Joseph Haydn
Píanósónata í G-dúr Hob. XVI/40

LAU **10** FEB 14:00

ÆVINTÝRA-TÓNLEIKAR ÆVARS

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Ævar Þór Benediktsson kynnir
Tónlist úr Harry Potter, Hringadróttinssögu, Draugabönum o.fl.

FIM 15 FEB 19:30

OSMO STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Einar Jóhannesson einleikari
Sergej Prokofíev
Kijé liðsforingi, svíta
Áskell Másson
Silfurfljót
Dmítrij Shostakovitsj
Sinfónía nr. 6
Tónleikakynning kl. 18:00

FÖS 16 FEB 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN

STRÍÐ OG FRIÐUR

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðla
Daniel Schmitt víóla
Bryndís Halla Gylfadóttir selló
Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó
Osmo Vänskä klarínettleikari og hljómsveitarstjóri
Gideon Klein
Tríó fyrir strengi
Olivier Messiaen
Þættir úr Kvartett fyrir endalok tímans
Dmítrij Shostakovitsj
Sinfónía nr. 6

MARS

FIM 01 MAR 19:30

ÖRLAGASINFÓNÍA BEETHOVENS

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Baiba Skride einleikari
Jónas Tómasson
Sinfóníetta II
Robert Schumann
Fiðlukonsert
Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 5, Örlagasinfónían
Tónleikakynning kl. 18:00

LAU 03 MAR 11:30

BARNASTUND SINFÓNÍUNNAR

Tónleikar í Hörpuhorni fyrir yngstu tónlistarunnendurna.
Aðgangur ókeypis

FIM 08 MAR 19:30

RAVEL OG PROKOFÍEV

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Nicola Lolli einleikari
Charles Gounod
Sinfónía nr. 2
Sergej Prokofíev
Fiðlukonsert nr. 1
Maurice Ravel
La valse
Tónleikakynning kl. 18:00

FÖS 09 MAR 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN

ÁSTIR OG ÖRLÖG

Þóra Einarsdóttir einsöngvari
Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó
Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanó
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Robert Schumann
Þrír söngvar úr Myrthen
Robert Schumann
Geistervariationen
Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 5, Örlagasinfónían

FIM 15 MAR 19:30

MATTILA SYNGUR WAGNER

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Karita Mattila einsöngvari
Anton Webern
Passacaglia
Richard Wagner
Wesendonck-söngvar
Hector Berlioz
Symphonie fantastique (Draumórasinfónían)
Tónleikakynning kl. 18:00

SUN 18 MAR 19:30

GESTAHLJÓMSVEIT

GAUTABORGAR-SINFÓNÍAN

Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar
Santtu-Matias Rouvali hljómsveitarstjóri
Hélène Grimaud einleikari
Richard Strauss
Svíta úr Rósarriddaranum
Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 4
Jean Sibelius
Sinfónía nr. 1

FÖS 23 MAR 19:30

EDDA II – LÍF GUÐANNA

Hermann Bäumer hljómsveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir einsöngvari
Elmar Gilbertsson einsöngvari
Kristinn Sigmundsson einsöngvari
Schola cantorum kór
Hörður Áskelsson kórstjóri
Jón Leifs
Edda II – Líf guðanna

APRÍL

FÖS 20 APR 19:30

ASHKENAZY OG NOBU

Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri
Nobuyuki Tsujii einleikari
Fréderic Chopin
Píanókonsert nr. 2
Sergej Rakhmanínov
Sinfónía nr. 2
Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 26 APR 19:30
FÖS 27 APR 19:30

BÍÓTÓNLEIKAR

AMADEUS

Ludwig Wicki hljómsveitarstjóri
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri
Peter Schaffer/Milos Forman
Amadeus

MAÍ

LAU 12 MAÍ 14:00

DREKINN INNRA MEÐ MÉR

Bjarni Fr. Bjarnason hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir sögumaður
Drekinn innra með mér
Elín Gunnlaugsdóttir tónlist
Laila Margrét Arnþórsdóttir saga
Svafa Björg Einarsdóttir myndir

MIÐ 16 MAÍ 19:30
FIM 17 MAÍ 19:30
FÖS 18 MAÍ 19:30

SÝNT Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

STRÍÐ

Ragnar Kjartansson og Kjartan Sveinsson
Stríð
Bjarni Fr. Bjarnason hljómsveitarstjóri
Sýnt í Þjóðleikhúsinu

FÖS 25 MAÍ 19:30

JANINE JANSEN SPILAR SIBELIUS

Daniel Blendulf hljómsveitarstjóri
Janine Jansen einleikari
Kaija Saariaho
Ciel d'hiver (Vetrarhiminn)
Jean Sibelius
Fiðlukonsert
Béla Bartók
Konsert fyrir hljómsveit
Tónleikakynning kl. 18:00

JÚNÍ

FÖS 01 JÚN 19:30

LISTAHÁTÍÐ

MAHLER NR.2

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Christiane Karg einsöngvari
Sasha Cooke einsöngvari
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri
Gustav Mahler
Sinfónía nr. 2, Upprisusinfónían
Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 07 JÚN 19:30

BEHZOD SPILAR RAKHMANÍNOV

Joshua Weilerstein hljómsveitarstjóri
Behzod Abduraimov einleikari
Ludwig van Beethoven
Egmont, forleikur
Florence Price
Sinfónía nr. 1
Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 2
Tónleikakynning kl. 18:00

Arna Kristín Einarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Kæri tónleikagestur,

Sinfóníuhljómsveit Íslands ýtir nú nýju starfsári úr vör. Aðdragandi hvers starfsárs er langur; hljómsveitarstjórar og einleikarar eru bókaðir langt fram í tímann og fara á milli sinfóníuhljómsveita sem mynda flókið samstarfsnet um heim allan. Sinfóníuhljómsveit Íslands er hluti af þessu alþjóðlega samstarfsneti. Sinfóníuhljómsveitin hefur frá upphafi verið gluggi út í heim, gefið okkur hlutdeild í hinu vestræna tónlistarlífi og þannig gert okkur að heimsborgurum.

Síðustu misseri hafa fleiri og fleiri íslenskir tónlistarmenn tengst hinu alþjóðlega neti tónlistarinnar. Íslensk tónlist og tónlistarfólk hefur náð verðskuldaðri athygli. Virtar menningarstofnanir á borð við Fílharmóníuhljómsveit Los Angeles og hið glæsilega tónlistarhús Elbphilharmonie í München hafa staðið fyrir íslenskum tónlistarhátíðum. Sinfóníuhljómsveit Íslands var boðið að halda tónleika á áskriftarröð Gautaborgarsinfóníunnar og fékk afar góðar viðtökur og lofsamlega dóma í sænskum fjölmiðlum.

Umfjöllun erlendra fjölmiðla í tengslum við hina íslensku tónlistarútrás er öll á sama veg. Spurt er hvernig smáþjóð sem telur aðeins 330.000 manns geti átt tónlistarmenn og sinfóníuhljómsveit á heimsmælikvarða. Svarið liggur ekki á lausu fremur en í öðrum greinum þar sem Íslendingar geta státað af framúrskarandi árangri. Sinfóníuhljómsveit Íslands á hins vegar sinn þátt í framúrskarandi árangri íslenskra tónlistarmanna. Hljómsveitin er þeirra heimahöfn – tónlistarmenn á borð við Önnu Þorvaldsdóttur, Víking Heiðar Ólafsson og Daníel Bjarnason hafa öll stigið sín fyrstu skref á vettvangi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þetta starfsár mun tengingin við umheiminn birtast með ýmsu móti. Við fáum til samstarfs við okkur fjölda hljómsveitarstjóra og einleikara, til dæmis rússneska stjórnandann Dima Slobodeniouk og hollenska fiðlusnillinginn Janine Jansen. Við munum spegla hátíð Los Angeles-fílharmóníunnar með okkar eigin hátíð þar sem bandarísk tónlist verður í forgrunni, flytjum verk eftir rússneska tónskáldið Sofiu Gubaidulinu en einnig tónlist eftir Mozart og Beethoven, Shostakovitsj og Rakhmanínov. Við erum líka að undirbúa tónleikaferð til Japans og eru tónleikar okkar með Vladimir Ashkenazy og Nobu 20. apríl liður í því. Gautaborgarsinfónían kemur í vináttuheimsókn til okkar í Hörpu 18. mars og þannig má lengi telja.

En Sinfóníuhljómsveit Íslands sinnir einnig okkar íslenska tónlistararfi. Við munum flytja og hljóðrita Eddu II eftir Jón Leifs ásamt Schola cantorum, frumflytja ný íslensk tónverk, bjóða upp á öflugt fræðslustarf og leika stórt hlutverk í hátíðarhöldum þjóðarinnar í tengslum við 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur þannig áfram að sinna upprunalegu hlutverki sínu, að fóstra íslenska tónlist og tónlistarlíf, en hún færir Ísland líka nær umheiminum, setur okkur í alþjóðlegt samhengi og veitir okkur aðgengi að fegurstu og merkustu listaverkum sem menningararfur heimsins geymir.

Njótið vel.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Í FREMSTU RÖÐ

Yan Pascal Tortelier
Aðalstjórnandi

Það mun óhætt að segja að ég hafi notið til hins ítrasta fyrsta starfsárs míns sem aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin spilar feiknavel og ég bind miklar vonir við áframhaldandi samvinnu okkar næstu árin.

Á starfsárinu 2017/18 bjóðast enn fleiri dásamleg tækifæri til að treysta hin listrænu bönd. Efnisskrárnar eru metnaðarfullar og spennandi, og saman flytjum við nokkur af glæsilegustu hljómsveitarverkum 19. og 20. aldar: Myndir á sýningu eftir Músorgskíj, Symphonie fantastique eftir Berlioz, Konsert fyrir hljómsveit eftir Lutoslawski og Sinfóníska dansa eftir Rachmanínov.

Það verður heldur enginn hörgull á frábærum listamönnum á sviðinu í Eldborg næsta vetur: Karita Mattila syngur Wesendonck-söngva Wagners, Osmo Vänskä stjórnar hinni stórfenglegu 2. sinfóníu Mahlers og Vladimir Ashkenazy stjórnar 2. sinfóníu Rachmanínovs. Einleikarar eru líka í fremstu röð: Janine Jansen, Behzod Abduraimov, Baiba Skride eru meðal erlendra listamanna sem koma til Íslands í vetur, en meðal heimamanna má nefna Víking Heiðar Ólafsson, Stefán Ragnar Höskuldsson og Einar Jóhannesson.

Vel heppnaðir tónleikar í Eldborg eru grunnurinn að öllu starfi sveitarinnar en þó skiptir líka máli að hljómsveitin nái eyrum tónlistarunnenda á alþjóðlegum vettvangi. Í þessu tilliti skipta hljóðritanir Sinfóníunnar höfuðmáli ásamt tónleikaferðalögum hennar. Hljómsveitin lék nýverið undir minni stjórn í tónlistarhúsinu í Gautaborg við frábærar undirtektir, og í vetur tökum við upp hljómdisk fyrir breska hljómplötuforlagið Chandos, en bæði ég og Sinfóníuhljómsveit Íslands höfum átt samstarf við þá útgáfu um áratuga skeið. Það er mikið ánægjuefni að tvær sjaldheyrðar en dásamlegar sinfóníur eftir samlanda minn Charles Gounod hafi orðið fyrir valinu og ég treysti því að íslenskir áheyrendur muni einnig njóta þeirra í lifandi flutningi okkar í vetur.

Ég hlakka til að sjá ykkur í Eldborg í vetur. Saman skulum við tryggja stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands í fremstu röð evrópskra hljómsveita!

ÁSKRIFTARKORT

TRYGGÐU ÞÉR GOTT SÆTI Á GÓÐU VERÐI

FYRIR ÞÁ SEM VILJA MEIRI KRAFT

RAUÐA RÖÐIN

Fyrir þá sem vilja hlusta á stóra sinfóníuhljómsveit leika kröftuga og áhrifamikla tónlist, m.a. eftir Rakhmanínov, Berlioz og Strauss. Öll hin fjölbreyttu litbrigði hljómsveitarinnar njóta sín í þessum stórbrotnu snilldarverkum. Meðal flytjenda eru Janine Jansen, Karita Mattila og Víkingur Heiðar.

SJÖ TÓNLEIKAR

07. SEP 19:30 **UPPHAFSTÓNLEIKAR: PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS II**
Franz Schubert Rósamunda, forleikur, Forleikur í ítölskum stíl / **Ludwig van Beethoven** Pianókonsert nr. 1, Pianókonsert nr. 4 | **Matthew Halls** hljómsveitarstjóri / **Paul Lewis** einleikari

09. NÓV 19:30 **TORTELIER STJÓRNAR RAKHMANÍNOV**
Þórður Magnússon Námur / **Reinhold Glière** Hornkonsert / **Sergej Rakhmanínov** Sinfónískir dansar | **Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri / **Radek Baborak** einleikari

30. NÓV 19:30 **VÍKINGUR LEIKUR MOZART**
Wolfgang Amadeus Mozart Píanókonsert nr. 24 í c-moll / **Richard Strauss** Ein Heldenleben (Hetjulíf) | **Dima Slobodeniouk** hljómsveitarstjóri / **Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

18. JAN 19:30 **SVO MÆLTI ZARAÞÚSTRA**
Grażyna Bacewicz Forleikur fyrir hljómsveit / **Dmítrij Shostakovitsj** Sellókonsert nr. 1 / **Richard Strauss** Also sprach Zarathustra | **David Danzmayr** hljómsveitarstjóri / **Alban Gerhardt** einleikari

15. FEB 19:30 **OSMO STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ**
Sergej Prokofíev Kijé liðsforingi, svíta / **Áskell Másson** Silfurfljót / **Dmítrij Shostakovitsj** Sinfónía nr. 6 | **Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri | **Einar Jóhannesson** einleikari

15. MAR 19:30 **MATTILA SYNGUR WAGNER**
Anton Webern Passacaglia / **Richard Wagner** Wesendonck-söngvar / **Hector Berlioz** Symphonie fantastique, Draumórasinfónían | **Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri / **Karita Mattila** einsöngvari

01. JÚN 19:30 **MAHLER NR. 2 Á LISTAHÁTÍÐ**
Gustav Mahler Sinfónía nr. 2, Upprisusinfónían | **Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri / **Christiane Karg** einsöngvari / **Sasha Cooke** einsöngvari / **Mótettukór Hallgrímskirkju** / **Hörður Áskelsson** kórstjóri

FIM/FÖS

FYRIR ÞÁ SEM VILJA FJÖLBREYTTA KLASSÍK

GULA RÖÐIN

Afbragðskostur fyrir þá sem vilja heyra fjölbreytilega og lifandi klassíska tónlist frá ýmsum tímum eftir meistara á borð við Beethoven og Mozart, Músorgskíj og Stravinskíj. Einleikarar eru í fremstu röð, m.a. Baiba Skride, Behzod Abduraimov og Stefán Ragnar Höskuldsson.

SJÖ TÓNLEIKAR

14. SEP 19:30 **STEFÁN RAGNAR OG TORTELIER**
Charles Gounod Sinfónía nr. 1 / **Jacques Ibert** Flautukonsert / **Witold Lutosławski** Konsert fyrir hljómsveit | **Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri / **Stefán Ragnar Höskuldsson** einleikari

05. OKT 19:30 **LA / REYKJAVÍK**
Ígor Stravinskíj Sálmasinfónía / **John Adams** Scheherazade.2 | **Daníel Bjarnason** hljómsveitarstjóri / **Leila Josefowicz** einleikari / **Hamrahlíðarkórarnir** / **Þorgerður Ingólfsdóttir** kórstjóri

16. NÓV 19:30 **MYNDIR Á SÝNINGU**
Claude Debussy Forleikur að Síðdegi skógarpúkans / **Sofia Gubaidulina** Offertorium / **Modest Músorgskíj/Maurice Ravel** Myndir á sýningu | **Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri / **Sergei Krylov** einleikari

01. FEB 19:30 **PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS III**
Wolfgang Amadeus Mozart Töfraflautan, forleikur, Sinfónía nr. 41, Júpíter / **Ludwig van Beethoven** Pianókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn | **Matthew Halls** hljómsveitarstjóri / **Paul Lewis** einleikari

01. MAR 19:30 **ÖRLAGASINFÓNÍA BEETHOVENS**
Jónas Tómasson Sinfónietta II / **Robert Schumann** Fiðlukonsert / **Ludwig van Beethoven** Sinfónía nr. 5, Örlagasinfónían | **Eivind Aadland** hljómsveitarstjóri / **Baiba Skride** einleikari

25. MAÍ 19:30 **JANINE JANSEN SPILAR SIBELIUS**
Kaija Saariaho Ciel d'hiver (Vetrarhiminn) / **Jean Sibelius** Fiðlukonsert / **Béla Bartók** Konsert fyrir hljómsveit | **Daniel Blendulf** hljómsveitarstjóri / **Janine Jansen** einleikari

07. JÚN 19:30 **BEHZOD SPILAR RAKHMANÍNOV**
Ludwig van Beethoven Egmont, forleikur / **Florence Price** Sinfónía nr. 1 / **Sergej Rakhmanínov** Pianókonsert nr. 2 | **Joshua Weilerstein** hljómsveitarstjóri / **Behzod Abduraimov** einleikari

FIM/FÖS

Áskrifandi gengur að sæti sínu vísu og á forkaupsrétt á því sæti þegar áskrift er endurnýjuð.

Áskrift veitir 20% afslátt af miðaverði og 10% afslátt af viðbótarmiðum.

FYRIR ÞÁ SEM VILJA HEYRA VINSÆL VERK

GRÆNA RÖÐIN

Þeir sem hafa gaman af vinsælli klassík af léttara taginu ættu að kynna sér Grænu röðina. Hér hljóma m.a. Chopin og Brahms, frönsk meistaraverk og Vínartónlist sem er ómissandi upptaktur að nýju ári. Meðal einleikara eru Nobu, Andreas Ottensamer og Nicola Lolli.

FIMM TÓNLEIKAR

21. SEP 19:30 **FRÖNSK VEISLA**
Paul Dukas Lærisveinn galdrameistarans / **Francis Poulenc** Konsert fyrir tvö píanó / **Maurice Ravel** Valses nobles et sentimentales, Pavane fyrir látna prinsessu / **Jacques Offenbach** Þættir úr Gaîté Parisienne | **Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri / **Lucas og Arthur Jussen** einleikarar

26. OKT 19:30 **OTTENSAMER OG CANELLAKIS**
Felix Mendelssohn Draumur á Jónsmessunótt, forleikur / **Carl Stamitz** Klarínettkonsert í Es-dúr / **Amy Beach** Bercause / **Johannes Brahms** Ungverskur dans nr. 7 / **Johannes Brahms** Sinfónía nr. 2 | **Karina Canellakis** hljómsveitarstjóri / **Andreas Ottensamer** einleikari

04. JAN 19:30 **VÍNARTÓNLEIKAR**
Óperettutónlist og valsar eftir **Franz von Suppé, Emile Waldteufel, Johann Strauss yngri** og **Franz Lehár,** m.a. úr **Leðurblökunni** og **Kátu ekkjunni** | **Karen Kamensek** hljómsveitarstjóri / **Valgerður Guðnadóttir** einsöngvari / **Kolbeinn Ketilsson** einsöngvari

08. MAR 19:30 **RAVEL OG PROKOFÍEV**
Charles Gounod Sinfónía nr. 2 / **Sergej Prokofíev** Fiðlukonsert nr. 1 / **Maurice Ravel** La valse | **Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri / **Nicola Lolli** einleikari

20. APR 19:30 **ASHKENAZY OG NOBU**
Fréderic Chopin Píanókonsert nr. 2 / **Sergej Rakhmanínov** Sinfónía nr. 2 | **Vladimir Ashkenazy** hljómsveitarstjóri / **Nobuyuki Tsujii** einleikari

FIM

FYRIR YNGSTU TÓNLISTARUNNENDURNA

LITLI TÓNSPROTINN

Áskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem yngstu tónlistarunnendurnir fá tækifæri til að kynnast töfrum tónlistarinnar. Tónleikarnir eru sérsniðnir að yngsta fólkinu og eru um klukkustundarlangir án hlés.

FERNIR TÓNLEIKAR

30. SEP 14:00 **ASTRID LINDGREN TÓNLEIKAR**
Tónlist úr Línu langsokk, Emil í Kattholti og fleiri ævintýrum | **Anna-Maria Helsing** hljómsveitarstjóri / **Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Sigurður Þór Óskarsson** söngvarar / **Jóhann G. Jóhannsson** útsetningar / **Kór Kársnesskóla** / **Álfheiður Björgvinsdóttir** kórstjóri

16. DES 14:00 **JÓLATÓNLEIKAR**
Robert Sheldon Jólaforleikur / **John Francis Wade** Adeste Fideles (Frá ljósanna hásal) / **Pjotr Tsjajkovskíj** Dansar úr Hnotubrjótnum / **Jester Hairston** Mary's Boy Child | **Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri / **Trúðurinn Barbara** kynnir / **Margrét Eir og Kolbrún Völkudóttir** söngvarar / **Stúlknakór Reykjavíkur og Litlu sprotarnir** / **Listdansskóli Íslands** / **Saxófónhópur Tónlistarskóla Garðabæjar** / **Ungir einleikarar**

10. FEB 14:00 **ÆVINTÝRATÓNLEIKAR ÆVARS**
Tónlist úr Harry Potter, Hringadróttinssögu, Draugabönum o.fl. | **Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri / **Ævar Þór Benediktsson** kynnir

12. MAÍ 14:00 **DREKINN INNRA MEÐ MÉR**
Drekinn innra með mér | **Elín Gunnlaugsdóttir, Laila Margrét Arnþórsdóttir, Svafa Björg Einarsdóttir Bjarni Fr. Bjarnason** hljómsveitarstjóri / **Halldóra Geirharðsdóttir** sögumaður

LAU

FYRIR ÞÁ SEM VILJA PRÓFA EITTHVAÐ NÝTT

FÖSTUDAGS RÖÐIN

Í röðinni er teflt er saman hljómsveitarverki og einleiksverki á klukkustundarlöngum tónleikum í Norðurljósum sem hefjast kl. 18. Mozart, Beethoven og samtímatónlist í skemmtilegri blöndu sem allir geta notið. Hér er maður í sannkölluðu návígi við flytjendur.

ÞRENNIR TÓNLEIKAR

01. DES 18:00 **MOZART OG ARVO PÄRT**
Arvo Pärt Für Alina, Mozart-Adagio / **Wolfgang Amadeus Mozart** Fantasía fyrir píanó í c-moll, Píanókonsert nr. 24 í c-moll | **Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari og stjórnandi / **Nicola Lolli** fiðla / **Sigurgeir Agnarsson** selló

16. FEB 18:00 **STRÍÐ OG FRIÐUR**
Gideon Klein Tríó fyrir strengi / **Olivier Messiaen** Þættir úr Kvartett fyrir endalok tímans / **Dmítrij Shostakovitsj** Sinfónía nr. 6 | **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðla / **Daniel Schmitt** víóla / **Bryndís Halla Gylfadóttir** selló / **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanó / **Osmo Vänskä** klarínettleikari og hljómsveitarstjóri

09. MAR 18:00 **ÁSTIR OG ÖRLÖG**
Robert Schumann Þrír söngvar úr Myrthen / **Ludwig van Beethoven** Sinfónía nr. 5, Örlagasinfónían / **Robert Schumann** Geistervariationen |
Þóra Einarsdóttir einsöngvari / **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanó / **Guðrún Dalía Salómonsdóttir** píanó / **Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri

Kynnar á föstudagsröðinni eru Halla Oddný Magnúsdóttir og Guðni Tómasson.

FÖS

Upplýsingar um verð og sætaskipan í Eldborg er að finna á bls 60.

FARÐU Á ÞÁ TÓNLEIKA SEM ÞÚ VILT

Settu saman þína eigin tónleikaröð með 20% afslætti

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með í það minnsta fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar. Nú er hægt að kaupa áskrift og regnbogakort á sinfonia.is

NOKKRAR TILLÖGUR AÐ REGNBOGAKORTI

STÓRBROTIÐ OG SPENNANDI

Ómissandi á Regnbogakort þeirra sem vilja stórbrotna og kröftuga sinfóníutónleika:

14. SEP
STEFÁN RAGNAR OG TORTELIER

24. SEP
UNGSVEITIN SPILAR VORBLÓT

05. OKT
LA/REYKJAVÍK

16. NÓV
MYNDIR Á SÝNINGU

30. NÓV
VÍKINGUR LEIKUR MOZART

18. JAN
SVO MÆLTI ZARAÞÚSTRA

1. MAR
ÖRLAGASINFÓNÍA BEETHOVENS

15. MAR
MATTILA SYNGUR WAGNER

01. JÚN
MAHLER NR.2 Á LISTAHÁTÍÐ

EINLEIKARAR Í FREMSTU RÖÐ

Enginn verður svikinn af því að setja þessa snillinga á Regnbogakortið sitt:

07. SEP
PAUL LEWIS

21. SEP
LUCAS OG ARTHUR JUSSEN

05. OKT
LEILA JOSEFOWICZ

26. OKT
ANDREAS OTTENSAMER

09. NÓV
RADEK BABORAK

18. JAN
ALBAN GERHARDT

01. MAR
BAIBA SKRIDE

15. MAR
KARITA MATTILA

18. MAR
HÉLÈNE GRIMAUD

25. MAÍ
JANINE JANSEN

07. JÚN
BEHZOD ABDURAIMOV

LÉTT OG SKEMMTILEGT

Einmitt það sem þarf með á Regnbogakortið til að auka á fjölbreytileikann:

01. SEP
KLASSÍKIN OKKAR

21. SEP
FRÖNSK VEISLA

12. OKT
HOLLYWOOD / REYKJAVÍK

07. DES
AÐVENTUTÓNLEIKAR

04.–06. JAN
VÍNARTÓNLEIKAR

01. FEB
PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS III

26.–27. APR
AMADEUS

ÍSLENSKA RÖÐIN

Íslensk tónlist og íslenskir sólistar og söngvarar í fremstu röð:

01. SEP
KLASSÍKIN OKKAR

14. SEP
STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON

09. NÓV
ÞÓRÐUR MAGNÚSSON

30. NÓV
VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

04.–06. JAN
VÍNARTÓNLEIKAR

25. JAN
SÆUNN OG VÍKINGUR

15. FEB
EINAR JÓHANNESSON

1. MAR
JÓNAS TÓMASSON

23. MAR
EDDA II: LÍF GUÐANNA

TVEIR FRÁBÆRIR KOSTIR FYRIR UNGT FÓLK OG NÁMSMENN

REGNBOGAKORT

ÖRUGGT SÆTI Á 50% AFSLÆTTI

Tryggðu þér miða á uppáhalds tónleikana þína

Ungu fólki, 25 ára og yngra, gefst tækifæri á að kaupa Regnbogakort með 50% afslætti á verðsvæði 2 og 3 í Eldborg. Regnbogakortið er góður kostur fyrir þá sem vilja tryggja sér öruggt sæti á uppáhalds tónleikana sína á góðu verði. Hægt er að velja úr öllum tónleikum starfsársins og tryggja sér helmingsafslátt.

SKÓLAKORTIÐ

1.700 KR. Á TÓNLEIKA

Gott sæti á góðu verði – á síðustu stundu

Nú býður Sinfóníuhljómsveitin námsmönnum yngri en 25 ára nýjan möguleika til að njóta sinfóníutónleika, Skólakortið. Eftir að hafa sótt Skólakortið í miðasölu Hörpu geta handhafar þess keypt miða á tónleikadegi á almenna tónleika Sinfóníunar á 1.700 kr. Hægt er að kaupa miða hvar sem er í salnum á þessu verði, allt eftir því hvað er laust.

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / 528 50 50

OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT

19. ÁGÚST

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvenna tónleika. Ókeypis er á tónleikana og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

LAU **19** ÁGÚ 15:00

FJÖLSKYLDU-TÓNLEIKAR

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Ævar Þór Benediktsson gestir

Úrval úr dagskrá Litla tónsprotans

Á þessum fjölskyldutónleikum má heyra brot af þeirri fjölbreyttu og skemmtilegu dagskrá sem í boði er í áskriftaröðinni Litla tónsprotanum. Tónleikagestir fá smjörþefinn af fjörugum sönglögum og hressilegum hljómsveitarslögurum sem fylla Eldborg af tilhlökkun yfir komandi tónleikavetri. Góðir gestir koma í heimsókn og spreyta sig á tónlist tengdum ævintýrum og hrekkjalómum og Drekanum sem býr innra með okkur öllum. Hver veit nema að einhver ungur og efnilegur hljómsveitarstjóri taki við tónsprotanum af **Bernharði Wilkinsyni** og stjórni Sinfóníuhljómsveit Íslands.

LAU **19** ÁGÚ 17:00

RÓMEÓ OG JÚLÍA



Keri-Lynn Wilson hljómsveitarstjóri
Sigurður Þór Óskarsson sögumaður
Þórunn Arna Kristjánsdóttir sögumaður

Sergej Prokofíev
Rómeó og Júlía, balletttónlist

Pjotr Tsjajkovskíj
Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

Rómeó og Júlía er ein áhrifamesta ástarsaga allra tíma og hefur orðið ótal listamönnum innblástur í nýja sköpun. Meðal þeirra eru rússnesku tónskáldin Tsjajkovskíj og Prokofíev sem báðir hafa byggt glæsileg og hádramatísk tónverk á harmleiknum um elskendurna frá Veróna. Hér hljómar þessi frábæra tónlist undir stjórn hinnar kanadísku **Keri-Lynn Wilson** sem á ættir að rekja til Íslands en stjórnar við tónleikahallir og óperuhús víða um heim og er aðalstjórnandi Slóvensku þjóðarfílharmóníunnar.

Fös 01 SEP 20:00

KLASSÍKIN OKKAR

HVER ER UPPÁHALDS ÓPERUARÍAN ÞÍN?

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Þóra Einarsdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Elmar Gilbertsson, Ólafur Kjartan Sigurðarson og Kristinn Sigmundsson einsöngvarar

Kór Íslensku óperunnar
Magnús Ragnarsson kórstjóri

Óperukórinn í Reykjavík
Garðar Cortes kórstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir og Guðni Tómasson kynnar

Hver er uppáhalds óperuarían þín? Er það Nessun dorma úr Turandot eða aría Næturdrottningarinnar úr Töfraflautunni? Eða kannski Söngurinn til mánans eftir Dvořák? Tónleikarnir „Klassíkin okkar“ sem haldnir voru í fyrrahaust vöktu mikla hrifningu og nú verður leikurinn endurtekinn með áherslu á óperutónlist. RÚV í samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna efnir til netkosningar þar sem allir landsmenn geta valið eftirlætis óperuaríurnar sínar. Þær aríur sem flest atkvæði hljóta í kosningunni verða svo fluttar á tónleikum í Eldborg sem um leið er upptaktur að glæsilegu starfsári Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Hljómsveitarstjóri er **Daníel Bjarnason** og fremstu söngstjörnur Íslands verða til taks ef á þarf að halda. Ekkert er þó hægt að fullyrða um efnisskrána enn því að verkefnavalið er alfarið í höndum þjóðarinnar.

Tónleikarnir verða sýndir í beinni útsendingu á RÚV.
Netkosningin stendur til 17. júní og er slóðin www.ruv.is/klassikin

FIM 07 SEP 19:30

UPPHAFSTÓNLEIKAR

PÍANÓKO
BEETHOV

Matthew Halls hljómsveitarstjóri
Paul Lewis einleikari

Franz Schubert
Rósamunda, forleikur

Franz Schubert
Forleikur í ítölskum stíl

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 1

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 4

Tónleikakynning kl. 18:00

Fáir píanóleikarar hafa hlotið þvílíkt lof síðustu ár fyrir túlkun á verkum Beethovens sem enski píanistinn **Paul Lewis**. Hljóðritun hans á öllum píanósónötunum hlaut meðal annars Gramophone-verðlaun, og hann varð fyrstur til að leika alla píanókonserta Beethovens á einni og sömu Proms-hátíðinni árið 2010. Lewis leikur alla fimm píanókonserta Beethovens á þrennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og nú er komið að fyrsta og fjórða konsertinum. Hinn fyrsti er léttur og leikandi en sá fjórði er yndisfagur og ljóðrænn.

Með konsertunum hljóma tveir fjörugir forleikir eftir Schubert. Hann dáði Beethoven meira en nokkurn annan samtímamann sinn en var of feiminn til að yrða á hann þegar leiðir þeirra lágu saman í Vínarborg. Stjórnandi Beethoven-hringsins, **Matthew Halls**, er sérfræðingur í túlkun tónlistar frá barokk- og klassíska tímanum og hefur margoft stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með afburðagóðum árangri.

SEPTEMBER

NSERTAR
ENS II

FIM 14 SEP 19:30

STEFÁN RAGNAR OG TORTELIER

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Stefán Ragnar Höskuldsson einleikari

Charles Gounod
Sinfónía nr. 1

Jacques Ibert
Flautukonsert

Witold Lutosławski
Konsert fyrir hljómsveit

Tónleikakynning kl. 18:00

Stefán Ragnar Höskuldsson er einn þeirra Íslendinga sem hvað lengst hafa náð í heimi klassískrar tónlistar. Um árabil var hann fyrsti flautuleikari við hljómsveit Metropolitan-óperunnar en gegnir nú sömu stöðu við Sinfóníuhljómsveitina í Chicago þar sem hinn heimskunni Riccardo Muti er við stjórnvölinn. Það er ávallt tilhlökkunarefni þegar Stefán Ragnar kemur fram á Íslandi. Hér leikur hann konsert Iberts sem er einn vinsælasti flautukonsert allra tíma, glaðvær og áheyrilegur.

Við stjórnvölinn er **Yan Pascal Tortelier,** aðalstjórnandi SÍ, sem er svo sannarlega á heimavelli í þessari efnisskrá.

Charles Gounod er í dag helst kunnur fyrir Ave-Maríuna sem hann byggði á prelúdíu Bachs. Hann var eitt merkasta óperuskáld Frakklands á seinni hluta 19. aldar en samdi einnig tvær dásamlegar sinfóníur sem báðar hljóma á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar í vetur. Hin fyrri er klassísk í sniði og minnir ýmist á Mozart eða Mendelssohn. Hér er um að ræða bráðsnjallt verk sem verðskuldar að hljóma mun oftar. Witold Lutosławski var eitt fremsta tónskáld Póllands á 20. öld. Meðal lykilverka hans er Konsert fyrir hljómsveit, glæsileg og kraftmikil tónsmíð þar sem hljómsveitin öll fær að sýna hvað í henni býr.

FIM 21 SEP 19:30

FRÖNSK VEISLA

SEPTEMBER

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Lucas og Arthur Jussen einleikarar

Paul Dukas
Lærisveinn galdrameistarans

Francis Poulenc
Konsert fyrir tvö píanó

Maurice Ravel
Valses nobles et sentimentales

Maurice Ravel
Pavane fyrir látna prinsessu

Jacques Offenbach
Þættir úr Gaîté Parisienne

Tónleikakynning kl. 18:00

Yan Pascal Tortelier, aðalstjórnandi SÍ, býður til sinfónískrar veislu þar sem flutt verða létt og aðgengileg tónverk frá heimalandi hans. Leiknir verða nokkrir vinsælir þættir úr verkum Offenbachs, meðal annars forleikurinn að Parísarlífi og hinn víðfrægi Can-Can dans úr óperettunni Orfeus í undirheimum. Einnig hljóma tvö gjörólík verk eftir Maurice Ravel, fjörug valsasyrpa og hið ljúfsára Pavane fyrir látna prinsessu. Lærisveinn galdrameistarans er eitt frægasta tónaljóð franskrar tónlistar og margir þekkja það úr teiknimyndinni sívinsælu Fantasíu. Konsert Poulencs fyrir tvö píanó frá árinu 1932 er sannkallað meistaraverk sem spannar vítt róf hvað stíl snertir, allt frá Mozart til djasstónlistar.

Hollensku bræðurnir **Lucas** og **Arthur Jussen** eru meðal skærustu ungstirna píanóheimsins. Þeir hafa unnið til fjölda verðlauna og hljóðritað fjóra diska fyrir Deutsche Grammophon sem allir hafa hlotið frábæra dóma í heimspressunni. Þeir bræður vöktu mikla athygli fyrir tónleika sína í Hörpu fyrir fáeinum árum og snúa nú aftur til Íslands með einn frægasta tvíkonsert allra tíma í farteskinu.

SUN 24 SEP 17:00

UNGSVEITIN LEIKUR

VORBLÓT STRAVINSKÍJS

Ungsveit SÍ

Daniel Raiskin hljómsveitarstjóri

Ígor Stravinskíj
Vorblót

Vorblót Stravinskíjs er eitt dáðasta hljómsveitarverk 20. aldar. Tónlistin er kröftug og spennuþrungin enda er hér lýst fornri helgiathöfn þar sem valin er ein úr hópi ungra meyja til að dansa sig til dauða – og tryggir þannig komu vorsins. Á þessum tónleikum mætir til leiks stærsti hópur sem leikið hefur undir merkjum **Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands** enda samdi Stravinskíj verk sitt fyrir risavaxna hljómsveit. Rússneski hljómsveitarstjórinn **Daniel Raiskin** heldur um taumana en hann hefur margoft starfað með ungmennum að metnaðarfullum verkefnum.

Raiskin hefur tvívegis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands – á Ungum einleikurum og Norrænum músíkdögum 2016 – með afbragðs árangri.

Eitt mikilvægasta hlutverk sinfóníuhljómsveita um allan heim er að miðla þekkingu sinni og áhuga til nýrra kynslóða hljóðfæraleikara. Frá árinu 2009 hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman árlega undir merkjum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2017.

LAU **30** SEP 14:00

LITLI TÓNSPROTINN

ASTRID LINDGREN

Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Sigurður Þór Óskarsson söngvarar

Jóhann G. Jóhannsson útsetningar

Kór Kársnesskóla
Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri

Tónlist úr Línu langsokk, Emil í Kattholti og fleiri ævintýrum eftir Astrid Lindgren

Á þessum einstöku tónleikum verður flutt úrval tónlistar úr leikritum, leikgerðum og kvikmyndum sem byggjast á ævintýrum eftir Astrid Lindgren. Tónlist úr Línu langsokk, Emil í Kattholti, Bróðir minn Ljónshjarta og Á Saltkráku hljómar nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í nýjum útsetningum Jóhanns G. Jóhannssonar. Gáskafull tónlistin með grípandi laglínum undirstrikar vel kenjar og óknytti sögupersónanna en einnig er að finna hrífandi og hugljúfa tónlist sem fangar vináttu og væntumþykju betur en nokkur orð.

Leikararnir **Sigurður Þór** og **Þórunn Arna** bregða sér í hlutverk ýmissa sögupersóna og ásamt Sinfóníuhljómsveitinni og **Kór Kársnesskóla** færa þau sagnaheim Lindgren inn í Eldborg. Líf og fjör einkennir þessa tónleika þar sem uppeldissjónarmið fullorðinna eru teygð og toguð og hugmyndir æskunnar um lífið og tilveruna fá að njóta sín til fulls.

LOS ANGELES REYKJAVÍK

Á vordögum 2017 hélt Fílharmóníuhljómsveitin í Los Angeles umfangsmikla hátíð þar sem íslensk tónlist og íslenskir flytjendur voru í forgrunni. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar ásamt hljómsveitarstjóranum Esa-Pekka Salonen var Daníel Bjarnason, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sinfóníuhljómsveit Íslands lætur ekki sitt eftir liggja heldur blæs til tveggja vikna hátíðar þar sem tónlist frá Los Angeles skipar veglegan sess. Af nógu er að taka. Hollywood er vitaskuld miðstöð kvikmyndatónlistar en „klassísk“ tónskáld starfa einnig í borginni, til dæmis John Adams og Andrew Norman. Ekki má heldur gleyma því að margir evrópskir tónsnillingar gerðu sig heimakomna í Los Angeles þegar síðari heimsstyrjöldin geisaði, til dæmis bæði Ígor Stravinskíj og Arnold Schönberg.

3. – 12. OKT

ELDBORG

FIM 05 OKT 19:30

LA / REYKJAVÍK

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Leila Josefowicz einleikari
Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfsdóttir kórstjóri

Ígor Stravinskíj
Sálmasinfónía

John Adams
Scheherazade.2

Tónleikakynning kl. 18:00

John Adams er eitt helsta tónskáld Bandaríkjanna og nýr fiðlukonsert hans hefur vakið mikla hrifningu. Verkið, sem er samið sérstaklega fyrir Leilu Josefowicz, er byggt á Þúsund og einni nótt. Adams kveðst sérstaklega hafa leitt hugann að bágri stöðu kvenna í heimi sagnanna, ekki síst hinni hrífandi Scheherazade sem bjargar eigin lífi með því að segja sögur. New York Times skrifaði um frumflutninginn að leikur Josefowicz hafi verið „glæsilegur og innblásinn“ og hljóðritun hennar af verkinu var tilnefnd til Grammy-verðlauna 2016.

Á tónleikunum hljómar einnig Sálmasinfónía Stravinskíjs sem margir telja eitt helsta verk 20. aldar fyrir kór og hljómsveit. Verkið samdi hann fyrir Sinfóníuhljómsveitina í Boston árið 1930 og fáeinum árum síðar var hann sjálfur sestur að í Hollywood. Tær og bjartur tónn **Hamrahlíðarkóranna** hentar verkinu fullkomlega enda verkið samið fyrir ungar raddir. Haustið 2017 eru liðin 50 ár frá því að fyrst var boðað til kóræfingar við Menntaskólann við Hamrahlíð undir leiðsögn Þorgerðar Ingólfsdóttur, en farsælt samstarf Sinfóníuhljómsveitarinnar og Hamrahlíðarkóranna spannar áratugi.

OKTÓBER

NORÐURLJÓS

FRI **03** OKT 19:30

KAMMERTÓNLEIKAR

LEILA JOSEFOWICZ

Leila Josefowicz einleikari

John Novacek meðleikari

Jean Sibelius
Valse triste

Sergej Prokofíev
Fiðlusónata nr. 1 í f-moll

Bernd Alois Zimmermann
Sonata 1950

John Adams
Road Movies

Leila Josefowicz hefur um áratuga skeið verið í fremstu röð fiðluleikara í Norður-Ameríku og það er sérstakt ánægjuefni að hún skuli einnig halda kammertónleika hér á landi meðan á heimsókn hennar stendur. Josefowicz hefur átt farsælt samstarf við tónskáldið John Adams og verk hans hljóma á báðum efnisskrám hennar á Íslandi. Road Movies er fjörugt verk sem tónskáldið segir að eigi að minna á ökuferð gegnum landslag sem breytist hægt – en breytist þó. Dökk og tilfinningaþrungin fiðlusónata Prokofíevs er meðal helstu meistaraverka hans, samin í Sovétríkjunum á árum heimsstyrjaldarinnar síðari.

NORÐURLJÓS

SUN **08** OKT 17:00

KAMMERTÓNLEIKAR

CALDER STRENGJA-KVARTETTINN

Benjamin Jacobson fiðla

Andrew Bulbrook fiðla

Jonathan Moerschel víóla

Eric Byers selló

Franz Schubert
Strengjakvartett í d-moll, Dauðinn og stúlkan

Esa-Pekka Salonen
Homunculus

Daníel Bjarnason
Stillshot

Andrew Norman
Stop Motion

Calder-kvartettinn frá Los Angeles er einn fremsti strengjakvartett Bandaríkjanna og hlaut hin virtu Avery Fisher-verðlaun árið 2014. Á efnisskránni í Norðurljósum verður tónlist eftir tvo höfunda sem búsettir eru í Los Angeles, hljómsveitarstjórann heimsfræga Esa-Pekka Salonen og bandaríska tónskáldið Andrew Norman sem vakið hefur mikla athygli undanfarin ár. Hann fékk viðurkenninguna „tónskáld ársins 2016“ hjá Musical America og hlaut einnig nýverið Grawemeyer-verðlaunin sem eru ein virtustu tónskáldaverðlaun heims. Einnig hljómar á tónleikunum nýlegt verk sem Daníel Bjarnason samdi fyrir Calder-kvartettinn og hefur hlotið afar góðar viðtökur.
Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Kammermúsíkklúbbinn.

ELDBORG

FIM 12 OKT 19:30

HOLLYWOOD / REYKJAVÍK

Richard Kaufman hljómsveitarstjóri

Tónlist úr vinsælum kvikmyndum
Ben-Húr, Brúnni yfir ána Kwai, Gone with the Wind, Sunset Boulevard, The Monuments Men, Breakfast at Tiffanys, Súperman og Stjörnustríði.

Á þessum tónleikum verður gægst í gullkistu kvikmyndatónlistar frá Hollywood. Þar er af nógu að taka: Ben-Húr, Brúin yfir ána Kwai, Gone with the Wind og Breakfast at Tiffanys, auk þess sem leikin verða stef úr myndunum Súperman og Stjörnustríð eftir hinn sívinsæla John Williams.

Hljómsveitarstjórinn **Richard Kaufman** hefur áratuga reynslu af störfum í Hollywood þar sem hann stjórnar tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti auk þess að koma fram með leiðandi hljómsveitum Bandaríkjanna. Hann hefur meðal annars stjórnað kvikmyndatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Chicago síðustu 11 ár við frábærar undirtektir. Kaufman er líka sá sem stjörnurnar fá til að þjálfa sig þegar þær þurfa að þykjast leika á hljóðfæri í kvikmyndum. Tom Hanks og Jack Nicholson eru meðal þeirra sem þegið hafa leiðsögn hans í þeim efnum.

LOS ANGELES REYKJAVÍK

FIM 26 OKT 19:30

OTTENSAMER OG CANELLAKIS

Karina Canellakis hljómsveitarstjóri
Andreas Ottensamer einleikari

Felix Mendelssohn
Draumur á Jónsmessunótt, forleikur

Carl Stamitz
Klarínettkonsert í Es-dúr

Amy Beach
Bercause

Johannes Brahms
Ungverskur dans nr. 7

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 2

Tónleikakynning kl. 18:00

Karina Canellakis er ein skærasta stjarnan meðal ungra hljómsveitarstjóra í dag. Þessi fyrrum lærlingur Simons Rattle hlaut hin virtu Georg Solti-verðlaun árið 2016 og komst í heimsfréttirnar þegar hún hljóp í skarðið fyrir Jaap van Zweden með nær engum fyrirvara og stjórnaði tónleikum með miklum glæsibrag. **Andreas Ottensamer** er fyrsti klarínettleikari Berlínarfílharmóníunnar og segja má að tónlistin sé honum í blóð borin þar sem faðir hans gegnir sömu stöðu hjá Vínarfílharmóníunni. Hljómdiskar Ottensamers fyrir Deutsche Grammophon hafa hlotið frábæra dóma og á þessum tónleikum leikur hann þrjú verk, líflegan konsert eftir Stamitz og tvö smærri verk eftir Brahms og Amy Beach.

Felix Mendelssohn var ekki nema 17 ára gamall þegar hann samdi forleikinn ógleymanlega að Draumi á Jónsmessunótt, þar sem hann fangar fullkomlega stemninguna í leikriti Shakespeares. Sinfónía nr. 2 eftir Brahms er hans dáðasta sinfónía enda er hún sérlega ljúf og áheyrileg. Einn vinur tónskáldsins lýsti verkinu svo: Ekkert nema heiðblár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!

FIM 02 NÓV 20:00

FJÖGUR ÍSLENSK TÓNSKÁLD:

SINFÓNÍAN Á AIRWAVES

Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri

Anna Þorvaldsdóttir
Dreymi

Hildur Guðnadóttir
Undir tekur yfir

María Huld Markan Sigfúsdóttir
Aequora

Þuríður Jónsdóttir
Flow and Fusion

ICELAND AIRWAVES

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Iceland Airwaves hljóma verk eftir fjögur íslensk tónskáld sem vakið hafa mikla athygli á síðustu árum. Anna Þorvaldsdóttir hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs 2012 fyrir verk sitt, Dreymi, og bæði Þuríður Jónsdóttir og Hildur Guðnadóttir voru tilnefndar til sömu verðlauna fyrir verkin sem hljóma á þessum tónleikum. Um Dreymi sagði í rökstuðningi dómnefndar: „Verkið vex við hverja hlustun og vekur forvitni okkar og löngun til að heyra meira."

Flow and Fusion eftir Þuríði Jónsdóttur er heillandi samruni rafhljóða og tóna hljómsveitarinnar; tónskáldið hafði að eigin sögn í huga „ólíka tauma flæðandi glóðheitrar bergkviku sem sameinast í einni iðandi hraunkvoðu". Verk Hildar Guðnadóttur er óvenjuleg könnun á undirmeðvitundinni og mótast af sífelldum birtuskiptum sem stjórnandinn hefur umsjón með. Aequora er stemningsríkt verk eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur sem m.a. var flutt af Fílharmóníuhljómsveit Los Angeles nýverið og var tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónverk ársins.

FIM 09 NÓV 19:30

TORTELIER STJÓRNAR RAKHMANÍNOV

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Radek Baborak einleikari

Þórður Magnússon
Námur

Reinhold Glière
Hornkonsert

Sergej Rakhmanínov
Sinfónískir dansar

Tónleikakynning kl. 18:00

Tékkneski hornsnillingurinn **Radek Baborak** er einn fimasti einleikari heims á hljóðfæri sitt. Hann var aðeins 18 ára gamall þegar hann var ráðinn aðalhornleikari Fílharmóníuhljómsveitar Tékklands og hann gegndi einnig stöðu aðalhornleikara Berlínarfílharmóníunnar um sjö ára skeið. Frá árinu 2010 hefur hann helgað sig ferli einleikarans og kemur reglulega fram með tónlistarmönnum á borð við Daniel Barenboim og Seiji Ozawa. Hér leikur hann glæsilegan hornkonsert eftir Reinhold Gliére sem var kennari þeirra Prokofíevs og Katsjatúrjans.

Í tónlist Rakhmanínovs lifði andi síðrómantíkur langt fram á 20. öld. Kunnastur er hann fyrir tilfinningaþrungna píanótónlist sína en hljómsveitarverkin eru engu síðri. Sinfóníska dansar voru síðasta tónsmíðin sem Rakhmanínov lauk við fyrir andlát sitt, tilþrifamikið og meistaralega útsett verk þar sem hann sækir innblástur meðal annars í rússneskan kirkjusöng. Verk Þórðar Magnússonar er byggt á ljóði eftir Guðberg Bergsson og kallast auk þess á við lykilverk í íslenskri tónlistarsögu, Adagio eftir Jón Nordal, en verkin deila sömu hljóðfæraskipan.

FIM 16 NÓV 19:30

MYNDIR Á SÝNINGU

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Sergei Krylov einleikari

Claude Debussy
Forleikur að Síðdegi skógarpúkans

Sofia Gubaidulina
Offertorium

Modest Músorgskíj/Maurice Ravel
Myndir á sýningu

Tónleikakynning kl. 18:00

Á þessum tónleikum hljóma tvö frægustu hljómsveitarverk allra tíma í bland við fiðlukonsert eftir eitt merkasta tónskáld samtímans. Myndir á sýningu eru eitt frægasta verk Músorgskíjs, fjölbreytt tónlist sem fær nýja vídd í litríkum hljómsveitarbúningi Maurice Ravels. Forleikur Debussys var eins konar stefnuyfirlýsing impressjónismans í tónlist, litrík og dulúðleg tónsmíð þar sem innblástur er sóttur í kvæði skáldsins Mallarmé um þrár og drauma skógarpúka í síðdegissvækju.

Sofia Gubaidulina er meðal virtustu tónskálda sinnar kynslóðar og fagnaði 85 ára afmæli sínu fyrir skömmu. Offertorium (Fórn) er eitt hennar helsta verk, magnþrunginn fiðlukonsert þar sem hún leggur út af svonefndu konungsstefi úr Tónafórn J.S. Bachs. Rússneski fiðlusnillingurinn **Sergei Krylov** fer með einleikshlutverkið í konsertinum. Hann vann fyrstu verðlaun í Stradivarius-keppninni í Cremona ungur að árum og leikur nú reglulega með fremstu hljómsveitum heims auk þess sem Deutsche Grammophon gaf nýverið út flutning hans á Árstíðunum fjórum eftir Vivaldi.

NÓVEMBER

FIM 30 NÓV 19:30

VÍKINGUR LEIKUR MOZART

Dima Slobodeniouk hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókonsert nr. 24 í c-moll

Richard Strauss
Ein Heldenleben (Hetjulíf)

Tónleikakynning kl. 18:00

Víkingur Heiðar Ólafsson nær sífellt nýjum hæðum í listinni og nýr hljómdiskur hans hjá Deutsche Grammophon þar sem hann leikur pínóetýður Philips Glass hefur fengið frábærar viðtökur. Nú leikur hann píanókonsert Mozarts í c-moll, saminn árið 1786 þegar tónskáldið stóð á hátindi frægðar sinnar, um sama leyti og Brúðkaup Fígarós varð til. Þetta tilfinningaþrungna verk er meðal hinna bestu sem meistarinn festi á blað og var jafnframt eitt þeirra verka sem hvað mest áhrif höfðu á hinn unga Beethoven.

Hin kraftmiklu hljómsveitarverk Richards Strauss eru með því glæsilegasta sem samið hefur verið fyrir sinfóníuhljómsveit. Eitt þeirra er Ein Heldenleben (Hetjulíf) frá árinu 1898, þar sem Strauss dregur upp mynd af sjálfum sér sem eins konar ofurmenni sem sigrast á mótlæti heimsins. Þessi stórbrotna tónsmíð gerir kröfu um risavaxna hljómsveit og hefur ekki heyrst á Íslandi í meira en áratug. Nú hljómar verkið í túlkun **Dima Slobodeniouk** sem sló eftirminnilega í gegn með Sinfóníunni í fyrra og er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti.

FÖS 01 DES 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN
NORÐURLJÓS

MOZART OG ARVO PÄRT

EINLEIKARI OG STJÓRNANDI
VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

Nicola Lolli fiðla
Sigurgeir Agnarsson selló
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari og stjórnandi

Arvo Pärt
Für Alina

Arvo Pärt
Mozart-Adagio

Wolfgang Amadeus Mozart
Fantasía fyrir píanó í c-moll

Wolfgang Amadeus Mozart
Píanókonsert nr. 24 í c-moll

Mozart og Arvo Pärt voru uppi á ólíkum tímum en í listinni eiga þeir margt sameiginlegt. Tónlist þeirra er tær og oft einföld á yfirborðinu en þegar vel er að gáð býr þar margt að baki. Für Alina fyrir píanó var tímamótaverk á ferli Pärts; með því fann hann sína eigin rödd eftir áralanga þögn. Mozart-Adagio er útsetning Pärts fyrir tríó á yndisfögrum kafla úr einni af píanósónötum Mozarts.

Píanóverkin í c-moll sem Mozart samdi á árunum 1785–86 eru óvenju dökk og stormasöm, eru jafnvel eins konar fyrirboði þess konar tjáningar sem margir tengja fremur við Beethoven. Fantasían fyrir píanóeinleik er fullkominn upptaktur að konsertinum. Í báðum verkum kafar Mozart í sálardjúpin með öðrum hætti en hann hafði áður gert í tónlist sinni. **Víkingur Heiðar Ólafsson** leikur einleik og stjórnar hljómsveitinni frá flyglinum rétt eins og tíðkaðist á dögum Mozarts.

FIM 07 DES 19:30

AÐVENTUTÓNLEIKAR

BACH OG MOZART

Jonathan Cohen hljómsveitarstjóri
Sally Matthews einsöngvari

Johann Sebastian Bach
Hljómsveitarsvíta nr. 3 í D-dúr

Wolfgang Amadeus Mozart
Exsultate, jubilate

Wolfgang Amadeus Mozart
Così fan tutte, forleikur

Wolfgang Amadeus Mozart
Porgi amor, úr Brúðkaupi Fígarós

Wolfgang Amadeus Mozart
Martern aller Arten, úr Brottnáminu úr kvennabúrinu

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 31

Tónleikakynning kl. 18:00

Sally Matthews er ein eftirsóttasta sópransöngkona heims en hún er einnig „tengdadóttir Íslands“ því að eiginmaður hennar er Finnur Bjarnason söngvari. Hún hefur meðal annars sungið á tónlistarhátíðinni í Salzburg, við Covent Garden og Vínaróperuna, með Berlínarfílharmóníunni undir stjórn Simons Rattle, og í haust stígur hún í fyrsta sinn á svið Metropolitan-óperunnar í New York. Sally hefur silkimjúka sópranrödd sem hentar tónlist Mozarts fullkomlega enda hefur hún hlotið mikið lof gagnrýnenda einmitt fyrir flutning sinn á Mozart. Á Aðventutónleikum Sinfóníunnar syngur hún tvær frægar aríur Mozarts, m.a. aríu greifynjunnar úr Brúðkaupi Fígarós, en einnig hið sívinsæla Exsultate, jubilate sem er eins konar konsert fyrir sópranrödd.

Jonathan Cohen er einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Hann stýrir sinni eigin hljómsveit, Arcangelo, sem hefur m.a. hljóðritað Messu í h-moll eftir Bach og hlotið frábæra dóma. Á Aðventutónleikum SÍ stjórnar hann Parísarsinfóníunni svonefndu eftir Mozart auk hljómsveitarsvítu Bachs nr. 3, þeirri sem hefur að geyma hina ægifögru „Aríu á G-streng“.

LAU 16 DES 14:00 / 16:00
SUN 17 DES 14:00 / 16:00

LITLI TÓNSPROTINN

JANÚAR

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri

Barbara trúður kynnir

Margrét Eir og Kolbrún Völkudóttir
söngvarar

Stúlknakór Reykjavíkur og Litlu sprotarnir

Listdansskóli Íslands

Saxófónhópur Tónlistarskóla Garðabæjar

Ungir einleikarar

Robert Sheldon
Jólaforleikur

John Francis Wade
Adeste Fideles (Frá ljósanna hásal)

Pjotr Tsjajkovskíj
Dansar úr Hnotubrjótnum

Jester Hairston
Mary's Boy Child

Sígild jólalög

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa um árabil notið gífurlegra vinsælda meðal hlustenda á öllum aldri. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum eru sígildar jólaperlur í bland við klassísk jólaævintýri og grípandi hljómsveitartónlist allsráðandi.

Ungir ballettdansarar dansa þætti úr Hnotubrjótnum, píanóleikarar flytja jólasyrpu, Saxófónhópur Tónlistarskóla Garðabæjar sveiflar hlustendum yfir í Karíbastemningu stáltrommuhóps sem færir hita og yl inn í Eldborg. Stúlknakór Reykjavíkur, Margrét Eir og Kolbrún Völkudóttir ásamt táknmálskórnum Litlu sprotunum færa hlustendum jólalögin í sannkölluðum hátíðarbúningi. Kynnir tónleikanna, trúðurinn Barbara, lætur heldur ekki sitt eftir liggja.

Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytur jólalög fyrir og eftir tónleikana.

JANÚAR

FIM 04 JAN 19:30
FÖS 05 JAN 19:30
LAU 06 JAN 16:00 / 19:30

VÍNAR TÓNLEIKAR

ÁRAMÓTATÓNLEIKAR 2018

Karen Kamensek hljómsveitarstjóri
Valgerður Guðnadóttir einsöngvari
Kolbeinn Ketilsson einsöngvari

Óperettutónlist og valsar eftir **Franz von Suppé, Emile Waldteufel, Johann Strauss yngri** og **Franz Lehár,** m.a. úr **Leðurblökunni** og **Kátu ekkjunni**

Tónleikakynning 4. jan kl. 18:00

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar. Nokkur af djásnum valsakóngsins Johanns Strauss prýða efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum. Inn á milli heyrast meðal annars spænskur vals og ungverskur dans. Einnig hljóma vinsælar óperettuaríur og dúettar, til dæmis Da geh ich zu Maxim úr Kátu ekkjunni og hið sívinsæla Wien, Wien, nur Du allein. Dansarar stíga einnig á svið og ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ.

Valgerður Guðnadóttir hefur einstaka rödd og útgeislun á sviði hvort sem hún fer með hlutverk Maríu í Söngvaseið eða Papagenu í Töfraflautunni. Hún syngur nú á Vínartónleikum Sinfóníunnar í fyrsta sinn. **Kolbeinn Ketilsson** er einn fremsti tenórsöngvari Íslands og syngur í óperuhúsum víða um heim, meðal annars í París, Genf og München. Hann hefur sungið flest veigamestu hlutverk óperubókmenntanna en honum er líka tamt að slá á léttari strengi. Vínartónlistina þekkir hann eins og lófann á sér enda stundaði hann á sínum tíma nám við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Bandaríski stjórnandinn **Karen Kamensek** hefur einnig starfað við Volksoper í Vínarborg og er sérlega innblásinn túlkandi þeirra Strauss og félaga.



JANÚAR

FIM 11 JAN 19:30

UNGIR EINLEIKARAR

Daniel Raiskin hljómsveitarstjóri

Sigurvegarar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands.

Efnisskrá kynnt síðar

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnandi tónleikanna er Daniel Raiskin sem einnig stjórnar tónleikum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á starfsárinu enda fer honum einkar vel úr hendi að starfa með ungu fólki.

Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskóli Íslands leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnumennskunnar. Óhætt er að segja að mikil eftirvænting ríki á hverju ári í aðdraganda þessara tónleika og stemningin á tónleikunum sjálfum er engu lík. Einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands fer fram á haustmánuðum 2017 og í kjölfarið verða nöfn sigurvegaranna birt á vef Sinfóníuhljómsveitarinnar.

FIM **18** JAN 19:30

JANÚAR

SVO MÆLTI ZARAÞÚSTRA

David Danzmayr hljómsveitarstjóri

Alban Gerhardt einleikari

Grażyna Bacewicz
Forleikur fyrir hljómsveit

Dmítrij Shostakovitsj
Sellókonsert nr. 1

Richard Strauss
Also sprach Zarathustra

Tónleikakynning kl. 18:00

Upphafstónarnir í Svo mælti Zaraþústra eru með því kunnasta sem nokkurt tónskáld hefur fest á blað, þökk sé kvikmyndinni frægu 2001: A Space Odyssey. Þetta meistaraverk Richard Strauss er þó annað og meira en lúðraþyturinn í upphafi. Svo mælti Zaraþústra er stórbrotin og hrífandi hugleiðing um tilveruna í hinum ýmsu myndum: náttúruna, dansinn og dauðann.

Sellókonsertinn sem Shostakovitsj samdi handa Mstislav Rostropovitsj árið 1959 er eitt af meistaraverkum sellótónlistar á 20. öld og margir heyra í kröftugri tónlistinni lýsingu á þeim aðstæðum sem tónskáldið bjó við í Sovétríkjunum. Þýski sellistinn **Alban Gerhardt** er einn virtasti sellóleikari samtímans. Hann hefur leikið með öllum helstu hljómsveitum heims og hefur m.a. hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon. Nýjasti hljómdiskur hans var valinn einn af diskum mánaðarins hjá hinu virta tímariti Gramophone.

Á tónleikunum hljómar einnig bráðsnjall forleikur eftir hina pólsku Grażynu Bacewicz, sem var afkastamikið tónskáld um miðja 20. öld og hlaut verðskuldaða viðurkenningu fyrir verk sín.

JANÚAR

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tekið þátt í Myrkum músíkdögum allt frá því að hátíðin var haldin í fyrsta sinn árið 1980.

OPIÐ RÝMI

FIM 25 JAN 18:00

UNGSVEITIN Á MYRKUM

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

John Luther Adams
Sila: The Breath of the World

Bandaríska tónskáldið John Luther Adams hefur vakið mikla athygli undanfarin ár, ekki síst fyrir verk sem tengjast náttúru og náttúruvernd. Eitt þeirra er Sila: The Breath of the World, en í heimssýn Inúíta er Sila andinn sem glæðir allt lífi: sjálfur heimsandinn. Inúítar nota þetta orð yfir náttúruöflin en einnig yfir meðvitund – til dæmis meðvitund okkar um heiminn og meðvitund heimsins um okkur sjálf.

Verkið Sila er samið fyrir hóp flytjenda sem er dreift um stórt rými, áheyrendur geta gengið um og fundið sér þann stað sem þeim hentar best. „Þetta er tónlist sem andar“ segir tónskáldið; hver einasti flytjandi er einleikari sem flytur sína rödd á þeim hraða sem viðkomandi þykir fara best. Allir eru velkomnir að upplifa þetta magnaða tónverk sem Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands flytur í anddyri Hörpu undir leiðsögn Daníels Bjarnasonar.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

ELDBORG

FIM 25 JAN 19:30

SÆUNN OG VÍKINGUR

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Páll Ragnar Pálsson
Quake fyrir selló og kammersveit

Haukur Tómasson
Píanókonsert nr. 2

Önnur verk kynnt síðar

Íslensk samtímatónlist hefur verið í brennidepli víða um heim undanfarin misseri. Í febrúar 2017 var haldin Íslandsvika í hinni nývígðu tónleikahöll Elbphilharmonie í Hamborg og í apríl hélt Fílharmóníuhljómsveitin í Los Angeles 10 daga hátíð sem helguð var íslenskri tónlist. Í báðum tilvikum voru pöntuð ný íslensk tónverk og á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum hljóma þau í fyrsta sinn hér á landi.

Glæsilegur píanókonsert Hauks Tómassonar hlaut frábærar viðtökur bæði í Hamborg og Los Angeles þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson flutti hann undir stjórn Esa-Pekka Salonen. Páll Ragnar Pálsson samdi sellókonsert sinn innblásinn af lýsingu í skáldsögunni Stóra skjálfta eftir Auði Jónsdóttur, en verkið samdi hann fyrir Sæunni Þorsteinsdóttur sem er einn okkar fremsti sellóleikari. Stjórnandi tónleikanna er Daníel Bjarnason, en hann var einmitt listrænn ráðgjafi Reykjavíkurhátíðarinnar í Los Angeles og stýrði þar frumflutningi á verkum Þuríðar og Páls Ragnars.

NORÐURLJÓS

FÖS 26 JAN 12:00

YRKJA – UPPSKERU-TÓNLEIKAR

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Efnisskrá kynnt síðar

Yrkja er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa. Verkefnið miðar að því að búa tónskáld undir starf í faglegu umhverfi hjá hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tvö undanfarin starfsár tekið þátt í Yrkju og þannig gefið ungum tónskáldum tækifæri til að kynnast hljómsveitinni í návígi. Nú efnir hljómsveitin til slíks samstarfs í þriðja sinn. Fimm manna dómnefnd, skipuð tónskáldum og meðlimum Sinfóníunnar munu velja tónskáld til þátttöku. Þau munu starfa með hljómsveitinni í níu mánuði og fá þannig tækifæri til að þróa færni sína í að semja fyrir hljómsveit. Verk þeirra verða frumflutt á hádegistónleikum á Myrkum músíkdögum og þar munu þeir einnig spjalla við áheyrendur um verkin og tilurð þeirra.

Daníel Bjarnason staðarlistamaður hefur veg og vanda af verkefninu. Hann leiðir vinnustofur með tónskáldunum og stjórnar auk þess tónleikunum þar sem verkin hljóma fullmótuð.

Aðgangur er ókeypis
og allir velkomnir.

FIM 01 FEB 19:30

PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS III

Matthew Halls hljómsveitarstjóri
Paul Lewis einleikari

Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan, forleikur

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 41, Júpíter

Tónleikakynning kl. 18:00

Píanósnillingurinn **Paul Lewis** er einn helsti Beethoven-túlkandi samtímans og lokar nú Beethoven-hringnum með þriðju heimsókn sinni til Íslands á skömmum tíma. Á efnisskránni eru verk eftir Mozart og Beethoven, síðustu verk þeirra í greinum píanókonserts annars vegar og sinfóníu hins vegar. Keisarakonsert Beethovens er stórfengleg tónsmíð enda nafngiftin komin til af því að hann þótti „keisari konsertanna“. Þótt tónlistin sé kraftmikil samdi Beethoven verkið í skugga Napóleónsstríðsins og lýsti sjálfur ástandinu í Vínarborg þannig að þar væru „fallbyssudrunur og mannleg eymd hvert sem litið er“.

Júpíter-sinfónía Mozarts var sú síðasta sem hann samdi. Verkið er allt hið glæsilegasta og þykir til marks um einstaka tónsmíðakunnáttu hans. Þó glímdi hann einnig við erfiðleika meðan á smíði verksins stóð og þurfti að slá vini sína um lán til þess að láta enda ná saman. Breski stjórnandinn **Matthew Halls** er orðinn íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur og hefur náð frábærum árangri með hljómsveitinni.

SUN **04** FEB 17:00

EINLEIKSTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

PAUL LEWIS

Paul Lewis einleikari

Joseph Haydn
Píanósónata í C-dúr Hob. XVI/50

Ludwig van Beethoven
11 bagatellur op. 119

Johannes Brahms
6 píanóstykki op. 118

Joseph Haydn
Píanósónata í G-dúr Hob. XVI/40

Paul Lewis er einn fremsti pínanisti samtímans og það er sannkallað fagnaðarefni að hann haldi einleikstónleika í Norðurljósum í heimsókn sinni til Íslands. Á tónleikunum leikur hann verk eftir þrjá meistara tónlistarinnar í Vínarborg á 18. og 19. öld – Haydn, Beethoven og Brahms – og eru þeir liður í viðamiklu tónleikahaldi hans um allan heim á næsta ári þar sem hann leikur verk þessara þriggja meistara m.a. í Lundúnum, Brussel, Flórens, Tókýó, Melbourne og Vancouver.

Um efnisskrána segir Lewis sjálfur: „Píanósónötur Haydns hafa að geyma margt af því frumlegasta og skemmtilegasta í gjörvöllum píanóbókmenntunum. Það eru ekki mörg tónskáld sem geta fengið áheyrendur til að skella upp úr en Haydn er eitt þeirra, kemur sífellt á óvart í tónlist sinni. Brahms blandar í verkum sínum saman villtri ástríðu og fullkominni fagmennsku tónsmíðameistarans; honum tekst í tónlistinni að gefa jafnvel hamslausri tilfinningu yfirvegaðan blæ. Bagatellur Beethovens eru brú milli þessara tveggja heima; í sumum þeirra má greina kímnigáfu Haydns en í öðrum heyrist fyrirboði þeirrar rómantíkur sem einkennir Brahms."

LAU **10** FEB 14:00

LITLI TÓNSPROTINN

ÆVINTÝRA TÓNLEIKAR ÆVARS

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Ævar Þór Benediktsson kynnir

Tónlist úr Harry Potter, Hringadróttinssögu, Draugabönum o.fl.

Ævar Þór, vísindamaður, leikari og rithöfundur sló eftirminnilega í gegn á tónleikum með Sinfóníu-hljómsveit Íslands fyrir tveimur árum. Nú er hann mættur aftur með spennuþrungin ævintýri í farteskinu. Ævar og Sinfóníuhljómsveitin fara um víðan völl og með forvitnina að vopni kynnir hann fyrir hlustendum ævintýralegustu tónverkin sem hann þekkir. Þess á milli á milli segir Ævar nokkur af uppáhalds ævintýrunum sínum.

Á tónleikunum verður meðal annars flutt tónlist úr Harry Potter-myndunum, Sjóræningjum Karíbahafsins, Hringadróttinssögu og Draugabönum ásamt glænýju íslensku tónverki sem var unnið upp úr verðlaunabókinni Þín eigin þjóðsaga.

Ekki missa af þessum æsispennandi ævintýratónleikum þar sem hlustandinn veit ekki hvers má vænta handan hornsins.

FIM 15 FEB 19:30

OSMO STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Einar Jóhannesson einleikari

Sergej Prokofíev
Kijé liðsforingi, svíta

Áskell Másson
Silfurfljót

Dmítrij Shostakovitsj
Sinfónía nr. 6

Tónleikakynning kl. 18:00

Tónskáldin Shostakovitsj og Prokofíev urðu að þola margs konar mótlæti í Sovétríkjum Stalíns enda féllu hugmyndir þeirra ekki að öllu leyti að vilja yfirvalda. Tónlist þeirra er einmitt dæmi um það hvernig mikilfengleg list getur orðið til í mótbyr. Á þessum tónleikum hljóma tvö meistaraverk þeirra, bæði samin á fjórða áratug 20. aldar. Shostakovitsj samdi sjöttu sinfóníuna um það leyti sem síðari heimsstyrjöldin braust út. Þetta er verk sterkra andstæðna; í tónlistinni er bæði að finna djúpan harm og sprellfjöruga sveiflu. Sagan um Kijé liðsforingja er skemmtileg ádeila á skrifræði stórveldisins. Þegar nokkrir starfsmenn við keisarahirðina komast að því að á launaskránni er nafn liðsforingja sem aldrei hefur verið til taka þeir upp á því að kenna honum um allt sem úrskeiðis fer. Prokofíev samdi tónlist sína við kvikmynd eftir sögunni, en glæsileg svítan er meðal mest fluttu hljómsveitarverka tónskáldsins.

Einar Jóhannesson var fyrsti klarínettleikari Sinfóníunnar um áratuga skeið og er tónleikagestum að góðu kunnur fyrir listfengi sitt. Áskell Másson samdi nýverið handa Einari nýjan klarínettkonsert, lagrænt og hrífandi verk sem hljómar í fyrsta sinn á þessum tónleikum. **Osmo Vänskä**, heiðursstjórnandi Sinfóníunnar, er á hátindi ferils síns og laðar fram það besta í leik þeirra hljómsveita sem hann starfar með. Síðastliðið haust stjórnaði hann öllum sinfóníum Sibeliusar með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna og hlaut frábæra dóma; „Hrifningin hríslaðist niður bakið á mér“ sagði tónlistarrýnir Financial Times um afrek þessa mikla Íslandsvinar.

FÖS 16 FEB 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN
NORÐURLJÓS

STRÍÐ OG FRIÐUR

STJÓRNANDI
OSMO VÄNSKÄ

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðla
Daniel Schmitt víóla
Bryndís Halla Gylfadóttir selló
Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó
Osmo Vänskä klarínettleikari og hljómsveitarstjóri

Gideon Klein
Tríó fyrir strengi

Olivier Messiaen
Þættir úr Kvartett fyrir endalok tímans

Dmítrij Shostakovitsj
Sinfónía nr. 6

Árum heimsstyrjaldarinnar síðari varð til ógrynni tónlistar sem með einum eða öðrum hætti tjáir þær ógnir sem blöstu við. Hér hljóma verk eftir tónskáld frá þremur löndum – Tékklandi, Frakklandi og Sovétríkjunum – sem öll kynntust hildarleiknum á sinn hátt.

Gideon Klein var gyðingaættar og samdi meistaralegt strengjatríó sitt í fangabúðum nasista árið 1944. Níu dögum eftir að hann fullgerði tríóið var hann fluttur í útrýmingarbúðirnar í Auschwitz. Olivier Messiaen barðist fyrir Frakkland í styrjöldinni og var um skeið stríðsfangi nasista. Í fangabúðunum fékk hann leyfi til að semja tónlist og þar varð til eitt mesta kammerverk 20. aldar, Kvartett fyrir endalok tímans. Hér hljómar meðal annars þáttur verksins fyrir einleiksklarínett, Hyldýpi fuglanna, leikið af **Osmo Vänskä** sem er frábær klarínettleikari auk þess að vera snillingur með tónsprotann. Tónleikunum lýkur á sinfóníu nr. 6 eftir Shostakovitsj, sem hann lauk við rétt um það leyti sem heimsstyrjöldin síðari braust út. Þetta er verk sterkra andstæðna, þar sem djúpur tregi og léttari stemningar togast á.

FIM 01 MAR 19:30

ÖRLAGASINFÓNÍA BEETHOVENS

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Baiba Skride einleikari

Jónas Tómasson
Sinfóníetta II

Robert Schumann
Fiðlukonsert

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 5, Örlagasinfónían

Tónleikakynning kl. 18:00

Örlagasinfónía Beethovens er einhver kunnasta tónsmíð allra tíma. „Þannig knýja örlögin dyra“ á Beethoven að hafa sagt um upphafstónana frægu. Á þessum tónleikum hljómar sinfónían í túlkun norska hljómsveitarstjórans **Eivinds Aadland** en hann þykir ná frábærum árangri með hljómsveitinni.

Lettneska fiðlustjarnan **Baiba Skride** kom í fyrsta sinn til Íslands árið 2015 og lék konsert Beethovens af slíku listfengi að henni var umsvifalaust boðið aftur. Nú leikur hún sjaldheyrðan fiðlukonsert Schumanns, eitt síðasta verkið sem tónskáldið festi á blað.

Konsertinn mátti bíða í meira en 80 ár þar til hann hljómaði í fyrsta sinn og það var ekki fyrr en fiðlusnillingurinn Yehudi Menuhin tók verkið upp á sína arma að það var tekið í tölu meistaraverka Schumanns. Nú hljómar þessi gleymdi konsert í fyrsta sinn á Íslandi.

Jónas Tómasson er mikilvirkt tónskáld og hefur meðal annars samið nokkrar sinfóníettur þar sem hann sækir innblástur í íslenska náttúru. Hér hljómar í fyrsta sinn Sinfóníetta II sem ber undirheitið „Laxárdalur – til Siggu“ og er tileinkuð Sigríði Ragnarsdóttur, eiginkonu tónskáldsins.

FIM **08** MAR 19:30

RAVEL OG PROKOFÍEV

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri

Nicola Lolli einleikari

Charles Gounod
Sinfónía nr. 2

Sergej Prokofíev
Fiðlukonsert nr. 1

Maurice Ravel
La valse

Tónleikakynning kl. 18:00

Ítalski fiðluleikarinn **Nicola Lolli** er tónelskum Íslendingum að góðu kunnur. Hann starfaði áður við Santa Cecilia-hljómsveitina í Róm en tók við stöðu konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2014. Nú kemur hann í fyrsta sinn fram sem einleikari með hljómsveitinni, í glæsilegum fiðlukonserti Prokofíevs frá árinu 1917 sem var hans afkastamesta ár. Sinfóníuhljómsveit Íslands hljóðritar á þessu starfsári tvær sinfóníur eftir Charles Gounod, eitt helsta óperutónskáld Frakklands á 19. öld. Sú síðari þeirra er mikilfengleg og með rómantísku ívafi, eins konar svar hins franska tónskálds við tónlist Schumanns.

Tónleikunum lýkur á hinu kraftmikla La valse eða Valsinum, þar sem Ravel teygir og togar tákn Vínarborgar í tónlistinni svo jaðrar við skrumskælingu, enda verkið samið skömmu eftir fyrri heimsstyrjöldina þegar enn var ekki gróið um heilt meðal hinna stríðandi þjóða. Sinfóníuhljómsveitin nýtur sín hér til fulls enda var Ravel einn snjallasti hljómsveitarútsetjari sem sögur fara af.

FÖS 09 MAR 18:00

FÖSTUDAGSRÖÐIN
NORÐURLJÓS

ÁSTIR OG ÖRLÖG

STJÓRNANDI
YAN PASCAL TORTELIER

Þóra Einarsdóttir einsöngvari
Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó
Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanó
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri

Robert Schumann
Þrír söngvar úr Myrthen

Robert Schumann
Geistervariationen

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 5, Örlagasinfónían

Fátt hefur verið tónskáldum þvílíkur innblástur gegnum aldirnar sem ástir þeirra og örlög. Á þessum tónleikum hljóma verk sem sprottin eru beint úr lífsreynslu tveggja tónskálda. Robert Schumann hreifst ungur af Clöru Wieck, dóttur píanókennara síns, og þegar þau fengu loks að ganga í hjónaband var sem flóðgátt hefði opnast í tónsköpun hans. Meðal ótal sönglaga sem hann samdi um þetta leyti var ljóðaflokkurinn Myrthen sem hefur að geyma ástarsöngva af ýmsum toga. Fjórtán árum síðar var Schumann við það að missa vitið, og síðasta píanóverk hans er tilbrigði um stef sem hann sagði að englar hefðu sungið fyrir sig. Í örvæntingu sinni fleygði hann sér í ána Rín en var dreginn á land. Næsta dag lauk hann við píanótilbrigðin sem síðan hafa verið kölluð „Andatilbrigðin“.

Þegar Beethoven samdi Örlagasinfóníu sína, árið 1808, ágerðist heyrnarleysi hans stöðugt og hann vissi að dagar hans sem fremsti píanóleikari Vínarborgar væru senn taldir. Hann tók örlögum sínum af æðruleysi en bauð þeim líka birginn. Vini sínum skrifaði hann: „Ég mun taka örlögin kverkataki, þeim mun ekki takast að knésetja mig!“ Örlagasinfónían er mögnuð tónsmíð, glíma í tónum sem lýkur með fullnaðarsigri. Um tónsprotann heldur aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, Yan Pascal Tortelier.

FIM 15 MAR 19:30

MATTILA SYNGUR WAGNER

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Karita Mattila einsöngvari

Anton Webern
Passacaglia

Richard Wagner
Wesendonck-söngvar

Hector Berlioz
Symphonie fantastique (Draumórasinfónían)

Tónleikakynning kl. 18:00

Karita Mattila er ein skærasta söngstjarna Norðurlanda. Á löngum og viðburðaríkum ferli hefur þessi finnska sópransöngkona meðal annars sungið leiðandi hlutverk við Metropolitan, Covent Garden og Bastillu-óperuna. Hún hefur tvívegis hlotið Grammy-verðlaun og árið 2005 valdi tímaritið Musical America hana tónlistarmann ársins. Árið 2007 gerði BBC Music Magazine lista yfir 20 bestu sópransöngkonur síðustu 100 ára og Mattila komst vitaskuld þar á blað. Hún syngur nú í fyrsta sinn á Íslandi og túlkar munúðarfulla ástarsöngva sem Wagner samdi við ljóð ástkonu sinnar Mathilde Wesendonck. Þetta er einstakt tækifæri til að heyra eina fremstu sópransöngkonu samtímans.

Yan Pascal Tortelier er sannarlega á heimavelli þegar kemur að franskri tónlist og á tónleikunum hljómar eitt af eftirlætisverkum hans. Draumórasinfónían eftir Berlioz er lykilverk rómantíkurinnar í tónlist, ævintýraleg lýsing á ástarraunum ungs skálds sem að lokum grípur til örþrifaráða.

SUN 18 MAR 19:30

GESTAHLJÓMSVEIT

GAUTABORGAR SINFÓNÍAN

Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar
Santtu-Matias Rouvali hljómsveitarstjóri
Hélène Grimaud einleikari

Richard Strauss
Svíta úr Rósarriddaranum

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 4

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 1

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Gautaborg í apríl síðastliðnum við dágóðar undirtektir. Nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda greiðann og leika fyrir Íslendinga. Einleikari er hin franska **Hélène Grimaud** sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Á tónleikunum leikur Grimaud hinn undurfagra píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven en einnig hljóma tvö meistarverk frá því um aldamótin 1900, valsaskotin svíta úr óperunni Der Rosenkavalier eftir Strauss og glæsileg frumraun Sibeliusar í sinfóníusmíðum.

Hljómsveitarstjóri er hinn finnski **Santtu-Matias Rouvali**, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir. Hann hefur tvívegis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri og tekur við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg haustið 2017.

Áskrifendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tryggt sér miða á tónleikana sem viðbót við áskriftarraðir sínar á hefðbundnu áskriftarverði.

MARS

FÖS 23 MAR 19:30

EDDA II

LÍF GUÐANNA

Hermann Bäumer hljómsveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir einsöngvari
Elmar Gilbertsson einsöngvari
Kristinn Sigmundsson einsöngvari
Schola cantorum kór
Hörður Áskelsson kórstjóri

Jón Leifs
Edda II: Líf guðanna

Óratórían Edda er stærsta verk Jóns Leifs og eitt metnaðarfyllsta tónverk íslenskrar tónlistarsögu, risavaxin tónsmíð sem spannar þrjú kvöld, byggð á textum úr Eddukvæðum og Snorra-Eddu og átti að vera eins konar andsvar við Niflungahring Wagners. Segja má að smíði þessa verks hafi verið drjúgur hluti ævistarfs Jóns því hann hóf að leggja drög að Eddu I um 1930 en náði ekki að ljúka þriðju óratóríunni áður en hann lést árið 1968. Fyrsti hluti verksins, Edda I: Sköpun heimsins, var frumfluttur í heild árið 2006 og útgáfa verksins á geisladiski vakti heimsathygli og fékk frábæra dóma. Nú er komið að því að frumflytja annan hluta verksins. Edda II: Líf guðanna segir frá Óðni og sonum hans, ásynjum, valkyrjum og nornum á litríkan og dramatískan hátt.

Það er stórviðburður í íslensku tónlistarlífi að þetta verk, sem Jón Leifs samdi fyrir meira en hálfri öld og var á sínum tíma stærsta verk sem íslenskt tónskáld hafði samið, skuli nú loksins fá að hljóma.

Áskrifendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tryggt sér miða á tónleikana sem viðbót við áskriftarraðir sínar á hefðbundnu áskriftarverði.

FÖS **20** APR 19:30

ASHKENAZY OG NOBU

Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri
Nobuyuki Tsujii einleikari

Fréderic Chopin
Píanókonsert nr. 2

Sergej Rakhmanínov
Sinfónía nr. 2

Tónleikakynning kl. 18:00

Í nóvember 2018 heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Japans undir stjórn **Vladimirs Ashkenazy**. Í farteskinu verða tvær ólíkar efnisskrár og hér hljómar sú fyrri sem eins konar upphitun fyrir það sem í vændum er. Með í för verður japanski píanistinn **Nobuyuki Tsujii**. Hann er stórstjarna í heimalandi sínu og það ekki að ósekju. Þessi 28 ára gamli snillingur hefur verið blindur frá fæðingu en lætur það ekki aftra sér og lærir jafnvel erfiðustu verk píanóbókmenntanna eftir heyrn. **Nobu** hreppti gullverðlaun í Van Cliburn-píanókeppninni árið 2009 og hefur komið fram í öllum helstu tónleikahöllum heims; mynddiskur með tónleikum hans í Carnegie Hall árið 2012 var valinn diskur mánaðarins hjá hinu virta tímariti Gramophone.

Á efnisskrá tónleikanna eru framúrskarandi verk eftir tvo meistara rómantíkur og síðrómantíkur. Píanókonsert Chopins er ljóðrænn og glæsilegur í senn. Sinfónía Rakhmanínovs er hans dáðasta hljómsveitarverk og hefur verið fastagestur á efnisskrám hljómsveita um allan heim frá því það hljómaði fyrst árið 1908.

APRÍL

FIM 26 APR 19:30
FÖS 27 APR 19:30

BÍÓTÓNLEIKAR

AMADEUS

Ludwig Wicki hljómsveitarstjóri
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri

Peter Schaffer/Milos Forman
Amadeus

Leikrit Peters Schaffer um ævi og örlög snillingsins Mozarts vakti heimsathygli þegar það var frumsýnt og nokkrum árum síðar sló kvikmynd Milosar Forman öll met. Myndin Amadeus hlaut átta Óskarsverðlaun árið 1984 og er almennt talin með bestu tónlistarkvikmyndum allra tíma. Sagan segir frá samskiptum þeirra Mozarts og Salieris í Vínarborg, en Salieri tekur sárt að horfa upp á ótvíræða yfirburði Mozarts í tónlistinni og honum þykir Guð hafa svikið sig með því að útdeila snilligáfunni með þessum hætti.

Meðal leikara eru Tom Hulce í hlutverki tónskáldsins og F. Murray Abraham sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir ógleymanlega túlkun sína á Salieri.

Á þessum tónleikum verður kvikmyndin Amadeus sýnd með lifandi meðleik Sinfóníuhljómsveitarinnar. Með nýjustu tækni hefur tónlistin í myndinni verið hreinsuð burt og þannig gefst tækifæri til að upplifa bæði kvikmyndina og stórfenglega tónlist Mozarts með alveg nýjum hætti. Þetta er sannkölluð gæðakvöldstund jafnt fyrir unga sem aldna.

FAU 12 MAÍ 14:00

LITLI TÓNSPROTINN

DREKINN INNRA MEÐ MÉR

Bjarni Frímann Bjarnason hljómsveitarstjóri

Halldóra Geirharðsdóttir sögumaður

Drekinn innra með mér
Elín Gunnlaugsdóttir tónlist
Laila Margrét Arnþórsdóttir saga
Svafa Björg Einarsdóttir myndir

Drekinn innra með mér er óður um vináttu lítillar stúlku og dreka. Drekinn býr innra með stúlkunni, kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og hvernig hún getur brugðist við þeim. Í þessu nýja og einstaka verki er hljómsveitin í hlutverki drekans en **Halldóra Geirharðsdóttir** er sögumaður og fer með hlutverk stúlkunnar. Drekinn fær sérstakt stef sem birtist í ýmsum myndum og hríslast um hljómsveitina allt eftir því í hvernig skapi hann er. Í upphafi er drekinn ósköp glaður en þegar líður á verkið brjótast fram ólíkar tilfinningar og hann ýmist dansar af gleði eða fuðrar upp í reiði. Inn við beinið er drekinn þó besta skinn og er það von höfundar að tónleikagestir finni sinn eigin dreka innra með sér á tónleikunum.

MAÍ

MIÐ 16 MAÍ 19:30
FIM 17 MAÍ 19:30
FÖS 18 MAÍ 19:30

SÝNT Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Ragnar Kjartansson
og Kjartan Sveinsson
Stríð

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands taka höndum saman við uppsetningu á nýstárlegu verki eftir **Ragnar Kjartansson** og **Kjartan Sveinsson**. Í verkinu fá áhorfendur að fylgjast með tilfinningaþrungnu dauðastríði prússnesks 18. aldar hermanns, í rómantískri handmálaðri sviðsmynd og undir dramatískri óperutónlist eftir Kjartan Sveinsson. Ragnar og Kjartan hafa tvívegis áður unnið sviðsverk í sameiningu, en það var í bæði skiptin fyrir Volksbühne-leikhúsið í Berlín. Hið fyrra þeirra var Kraftbirtingarhljómur guðdómsins, sem einnig var sýnt í Borgarleikhúsinu, og síðan kom verkið Krieg sem sýningin Stríð er byggð á.

Ragnar er frægasti nútímalistamaður Íslands og Kjartan Sveinsson hefur um árabil verið meðal okkar þekktustu tónlistarmanna, fyrst sem hljómborðsleikari í Sigur Rós en undanfarin ár hefur hann starfað að eigin tónsmíðum.

Miðasala í miðasölu Þjóðleikhússins og á leikhusid.is og sinfonia.is

STRÍÐ

FÖS **25** MAÍ 19:30

JANINE JANSEN SPILAR SIBELIUS

Daniel Blendulf hljómsveitarstjóri

Janine Jansen einleikari

Kaija Saariaho
Ciel d'hiver (Vetrarhiminn)

Jean Sibelius
Fiðlukonsert

Béla Bartók
Konsert fyrir hljómsveit

Tónleikakynning kl. 18:00

Hollenska fiðlustjarnan **Janine Jansen** hefur verið í sviðsljósinu í meira en áratug og kemur nú til Íslands í fyrsta sinn. Hljómdiskar hennar hafa margir náð metsölu og hún hefur leikið við ýmis merk tilefni, nú síðast á Nóbelstónleikunum í Stokkhólmi í desember 2016. Fiðlukonsert Sibeliusar er sívinsælt meistaraverk og víst að er Jansen mun laða fram hin fjölmörgu blæbrigði verksins á Stradivarius-fiðlu sína, sem var smíðuð árið 1707.

Daniel Blendulf er margverðlaunaður sænskur hljómsveitarstjóri og svo skemmtilega vill til að hann er einnig kvæntur Janine Jansen. Hann stjórnar stemningsríku verki Kaiju Saariaho þar sem hún sækir innblástur í norrænan vetrarhiminn. Konsert fyrir hljómsveit var eitt síðasta verkið sem ungverski meistarinn Béla Bartók lauk við áður en hann lést úr hvítblæði árið 1945. Í konsertinum sýnir hann allar hliðar hljómsveitarinnar á glæsilegan hátt enda hefur þetta verið eitt af vinsælustu hljómsveitarverkum 20. aldar allt frá því það hljómaði fyrst.

JÚNÍ

FÖS 01 JÚN 19:30

UPPRISUSINFÓNÍAN Á LISTAHÁTÍÐ

MAHLER NR. 2

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Christiane Karg einsöngvari
Sasha Cooke einsöngvari
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri

Gustav Mahler
Sinfónía nr. 2, Upprisusinfónían

Tónleikakynning kl. 18:00

Upprisusinfónía Mahlers er ein stórfenglegasta sinfónía allra tíma. Hljómsveitin er risastór og nýtur sín til fulls í tignarlegum hápunktum, auk þess kallar Mahler til leiks tvær söngkonur og blandaðan kór. **Osmo Vänskä** þekkir tónmál Mahlers betur en flestir aðrir og hefur nýverið hljóðritað sinfóníuna með Minnesota-hljómsveitinni. Söngkonurnar sem hér koma fram eru í fremstu röð á heimsvísu. **Christiane Karg** hefur um árabil vakið aðdáun fyrir silkimjúka og tæra sópranrödd sína, er fastagestur við Covent Garden og La Scala-óperuhúsin og hefur tvívegis unnið til hinna virtu Echo Klassik-verðlauna. Bandaríska mezzósópran-söngkonan **Sasha Cooke** sérhæfir sig í flutningi á tónlist Mahlers og hefur meðal annars hlotið Grammy-verðlaun fyrir túlkun sína á verkum hans.

Mótettukór Hallgrímskirkju er í fremstu röð íslenskra kóra og kemur hér fram í stækkaðri mynd eins og hæfir þessari risavöxnu sinfóníu. Þessir tónleikar eru stórviðburður sem enginn unnandi sinfónískrar tónlistar má missa af.

Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.

FIM 07 JÚN 19:30

BEHZOD SPILAR RAKHMANÍNOV

Joshua Weilerstein hljómsveitarstjóri
Behzod Abduraimov einleikari

Ludwig van Beethoven
Egmont, forleikur

Florence Price
Sinfónía nr. 1

Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 2

Tónleikakynning kl. 18:00

Undrabarnið frá Úsbekistan, **Behzod Abduraimov**, spilaði sig inn í hjörtu tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2015 þegar hann lék píanókonsert eftir Prokofíev með slíkum tilþrifum að tónleikagestir supu hveljur af hrifningu. Nú snýr hann aftur með einn vinsælasta konsert allra tíma í farteskinu. Píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov er ljóðrænn og tilþrifamikill í senn, sannkölluð flugeldasýning fyrir þá sem hafa gaman af píanóleik eins og hann gerist bestur.

Florence Price var fyrsta bandaríska blökkukonan til að leggja fyrir sig sinfónískar tónsmíðar og það með prýðilegum árangri. Hún vann til verðlauna fyrir fyrstu sinfóníu sína árið 1932 og í kjölfarið var verkið flutt af Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago. Á síðustu árum hefur tónlist hennar verið grafin úr gleymsku og nú hljómar hún í fyrsta sinn á Íslandi. Bandarískur hljómsveitarstjórinn **Joshua Weilerstein** hlaut fyrstu verðlaun í hinni virtu Malko-hljómsveitarstjórakeppni árið 2009. Hann hefur síðan ferðast víða um lönd og stjórnað m.a. öllum helstu hljómsveitum Norðurlanda og hinni margfrægu Concertgebouw-hljómsveit í Amsterdam.

Í BEINNI Á RÁS EITT

Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land, og í seinni tíð á netinu um allan heim, getað hlustað á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða dagskrárgerð og eru nær allir tónleikar Sinfóníunnar sendir út. Á undan útsendingum geta hlustendur Rásar 1 fræðst um tónlistina og listamennina í þættinum Á leið í tónleikasal og í hléi er fræðandi og skemmtileg dagskrá. Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og Á leið í tónleikasal í Sarpinum á ruv.is.

ÖLL TÓNLISTIN Á EINUM STAÐ

Sinfóníuhljómsveitin er með sérstaka rás á tónlistarveitunni Spotify. Þar er m.a. að finna lagalista tónleikaraða starfsársins þar sem hægt er að hlusta á sérvaldar upptökur af þeim verkum sem eru á efnisskrá. Hér er um að ræða auðvelda og skemmtilega leið til að undirbúa sig fyrir tónleika eða njóta góðrar tónlistar með úrvals flytjendum. Auk þess geyma lagalistar Sinfóníunnar skemmtilegar upptökur með einleikurum og hljómsveitarstjórum sem heimsækja hljómsveitina, tónlist fyrir börn, íslenska tónlist fyrir hljómsveit auk tónlistar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur hljóðritað og gefið út. Farðu á Spotify og hlustaðu á sinfóníska tónlist alla daga!

VINAFÉLAG SINFÓNÍUNNAR

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður vinum sínum á tónleika Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og eina opna æfingu á starfsárinu. Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig á sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu.

Árgjaldið er 3.500 krónur.

TÓNLEIKA-KYNNINGAR



Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við hljómsveitina, býður upp á tónleikakynningar í Hörpuhorni á undan öllum áskriftartónleikum á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og gefst gestum tækifæri til að sitja í notalegu umhverfi og kaupa veitingar frá Smurstöðinni. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálftíma. Tónleikakynningarnar eru í höndum Árna Heimis Ingólfssonar listræns ráðgjafa hljómsveitarinnar, Sigurðar Ingva Snorrasonar klarínettleikara, Svanhildar Óskarsdóttur rannsóknardósents á Árnastofnun, Sigríðar St. Stephensen og Höllu Oddnýjar Magnúsdóttur, dagskrárgerðarmanna.

Tónleikakynningarnar eru haldnar í Hörpuhorninu á 2. hæð fyrir framan Eldborg.

LAU 21 OKT 11:30
LAU 03 MAR 11:30

BARNASTUNDIR SINFÓNÍUNNAR

Á Barnastundum Sinfóníuhljómsveitarinnar er megináhersla lögð á notalegheit og nánd við hljómsveitina þar sem létt og leikandi tónlist er flutt fyrir allra yngstu hlustendurna. Barnastundirnar hafa notið mikilla vinsælda og eru sannkallaðar gæðastundir og góður upptaktur að ljúfum degi. Dagskráin er u.þ.b. hálftímalöng og er leidd af konsertmeisturum Sinfóníuhljómsveitarinnar.
Aðgangur ókeypis.

OPNAR ÆFINGAR

Sinfóníuhljómsveitin opnar dyrnar að lokaæfingum á tónleikadegi allra áskriftartónleika í gulri, grænni og rauðri röð á nýju starfsári. Hægt verður að kaupa aðgang að æfingunum í miðasölu Hörpu og á vef Sinfóníunnar. Lokaæfingin hefst kl. 9.30 en aðgangur er takmarkaður við ákveðin sæti í Eldborg. Opnar æfingar eru tilvalið tækifæri til að dýpka upplifun og skilning á tónlistinni sem flutt er síðar á tónleikum um kvöldið.

NÝJAR HLJÓÐRITANIR SÍ

Sinfóníuhljómsveit Íslands gefur reglulega út hljóðritanir, m.a. á vegum útgáfufyrirtækjanna BIS, Chandos og Naxos. Nýverið kom út nýr hljómdiskur með sveitinni hjá bandaríska forlaginu Sono Luminus. Hann hefur að geyma fimm nýleg íslensk hljómsveitarverk, m.a. eftir Þuríði Jónsdóttur, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Önnu Þorvaldsdóttur.
Á starfsárinu 2017/18 mun hljómsveitin hljóðrita þrjá diska til útgáfu á heimsmarkaði. Sænska útgáfan BIS hefur um árabil lagt sig eftir að hljóðrita öll tónverk Jóns Leifs og nú bætist sannkallað stórvirki í þá útgáfuröð, óratorían EDDA II: Líf guðanna sem hljóðrituð verður í Eldborg í apríl. Enska forlagið Chandos á áratugalangt samstarf bæði við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Yan Pascal Tortelier, sem mun stýra upptökum á diski með sinfóníum franska meistarans Charles Gounod. Loks verður hljóðritaður diskur með nýrri íslenskri tónlist undir stjórn Daníels Bjarnasonar, en það er annar diskurinn af þremur í útgáfuröð bandarísku forlagsins Sono Luminus.

ÖFLUGT FRÆÐSLUSTARF

Öflugt og fjölþætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslustarfið er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika og samstarf. Skólatónleikar, skólaheimsóknir og leiðsögn nemendahópa er fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar sem einnig starfar að langtímaverkefnum með ungu fólki, bæði einleikurum og hljóðfærahópum. Þróunarverkefni af ýmsum toga eru unnin í samvinnu við skóla og lengra komna nemendur í listnámi. Hljómsveitin leggur ríka áherslu á að vera í góðum tengslum við samfélagið og heimsækir bæði stofnanir og vinnustaði og hefur átt farsælt samstarf við eldri borgara um langt skeið. Í vetur verður boðið upp á ferna glæsilega og lifandi fjölskyldutónleika Litla tónsprotans og hinar vinsælu Barnastundir sem ætlaðar eru yngstu hlustendunum.

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um fræðslustarf frá lokum ágústmánaðar á sinfonia.is.

SKÓLATÓNLEIKAR

Á hverju starfsári heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands fjölmarga skólatónleika þar sem nemendum er boðið að hlusta á vandaða dagskrá í tali og tónum. Skólatónleikar hljómsveitarinnar hafa vakið verðskuldaða eftirtekt þar sem tónverk hverra tónleika eru sniðin að ákveðnum aldurshópi.

BÓKANIR Á FRÆÐSLUVIÐBURÐI

Skólar geta bókað fyrir nemendur sína á fræðsluviðburði vetrarins frá lokum ágústmánaðar 2017. Allar upplýsingar um skólatónleika hljómsveitarinnar er að finna á hljómsveitarinnar undir fræðslustarf – www.sinfonia.is/fraedslustarf.

ÞRÓUNARVERKEFNI

Spennandi verkefni eru unnin af hljómsveitinni í samstarfi við ýmsa hópa yfir lengri tímabil. Nú tekur við seinni hálfleikur í samstarfi hljómsveitarinnar og Skólahljómsveitar Kópavogs en sveitin lék á jólatónleikum SÍ við glimrandi undirtektir og saman lögðu sveitirnar í tónleikaferð um Kópavog. Fjölmenningarverkefni tengdu vögguvísum í samvinnu við Fella-, Austurbæjar og Kársnesskóla ásamt innlendum og erlendum listamönnum sem hóf göngu sína í október 2016 verður haldið áfram og afraksturinn fluttur og kynntur fyrir yngri deildum grunnskóla.

SKÓLA- OG STOFNANAHEIMSÓKNIR

Sinfóníuhljómsveitin leggur sig fram um að sækja skóla, dvalarheimili og spítala heim u.þ.b. einu sinni á starfsári með fjölbreytta og áheyrilega tónlist í farteskinu.

OPNAR ÆFINGAR

Á opnum æfingum er framhaldsskóla- og tónlistarnemum ásamt eldri borgurum boðið að hlýða á valin verk sem oft eru kynnt af hljómsveitarstjóra eða einleikara. Nærvera við hljómsveitina og hljómsveitarstjórann er meiri – öðruvísi upplifun í miðri hljómkviðunni.

EINLEIKARAKEPPNI

Árlega er haldin einleikarakeppni fyrir tónlistarnemendur á háskólastigi í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin fer fram á haustdögum en sigurvegarar keppninnar leika á tónleikunum Ungum einleikurum með Sinfóníuhljómsveitinni í janúar ár hvert.

UNGSVEIT SÍ

Eitt mikilvægasta hlutverk sinfóníuhljómsveita um allan heim er að miðla þekkingu sinni og áhuga til nýrra kynslóða hljóðfæraleikara.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur sína níundu tónleika nú í lok september. Hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru virkir í starfsemi Ungsveitarinnar og miðla af reynslu sinni og þekkingu.

LITLI TÓNSPROTINN

Litli tónsprotinn er röð vandaðra og glæsilegra fjölskyldutónleika. Dagskrá tónleikanna miðast við tónleikagesti frá fimm ára aldri. Á Litla tónsprotanum kynnast börn töfraheimi tónlistarinnar á lifandi og skemmtilegan hátt.

FYRIR ÞAU ALLRA YNGSTU Í HÖRPUHORNI

Barnastund Sinfóníuhljómsveitarinnar er ætluð allra yngstu hlustendunum. Í Barnastundinni er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Tvær barnastundir verða á starfsárinu. Sérstakur gestur Barnastundarinnar er Maxímús Músíkús. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

HLJÓÐFÆRALEIKARAR OG STARFSMENN 2017/18

1. FIÐLA
Sigrún Eðvaldsdóttir *1. konsertmeistari*
Nicola Lolli *1. konsertmeistari*
Una Sveinbjarnardóttir *3. konsertmeistari*
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Jeff Moore
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik

2. FIÐLA
Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Daniel Schmitt
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA
Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ
Felicia Grecius
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARÍNETT
Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT
Michael Kaulartz
Brjánn Ingason

HORN
Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA
Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA
Nimrod Ron

HARPA
Katie Buckley

PÍANÓ
Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR
Eggert Pálsson

SLAGVERK
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

STARFSMENN
Framkvæmdastjóri
Arna Kristín Einarsdóttir

Listrænn ráðgjafi
Árni Heimir Ingólfsson

Tónleikastjóri
Anna Sigurbjörnsdóttir

Fræðslustjóri
Hjördís Ástráðsdóttir

Markaðs- og kynningarstjóri
Margrét Ragnarsdóttir

Markaðsfulltrúi
Jökull Torfason

Mannauðsstjóri
Una Eyþórsdóttir

Fjármálafulltrúi
Margrét Sigurðsson

Nótna- og skjalavörður
Kristbjörg Clausen

Umsjónarmaður nótna
Gísli Magnússon

Sviðsstjórar
Grímur Grímsson
Sigþór J. Guðmundsson

STJÓRN
Sigurbjörn Þorkelsson *formaður*
Bryndís Pálsdóttir
Friðjón R. Friðjónsson
Jens Garðar Helgason
Oddný Sturludóttir

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi og aðalgestastjórnandi*

Daníel Bjarnason *staðarlistamaður*

TRYGGÐU ÞÉR GOTT SÆTI Á GÓÐU VERÐI

ALMENNT MIÐAVERÐ

SVÆÐI	ALMENNT VERÐ	LITLI TÓNSPROTINN
1	6.200 kr.	2.800 kr.
1+	7.500 kr.	2.800 kr.
2	5.300 kr.	2.400 kr.
3	4.000 kr.	2.400 kr.
4	2.500 kr.	/

Á hverju starfsári Sinfóníuhljómsveitar Íslands má auðveldlega setja saman þemaseríur hafi maður áhuga á að fylgjast með einni grein tónlistar, tónskáldi, einleikurum eða konsertum.

ATHUGIÐ

Athugið að almennt miðaverð gildir um flesta áskriftartónleika SÍ en miðaverð er þó mismunandi eftir tónleikum og er að finna á sinfonia.is.

ÁSKRIFTARKORT

SVÆÐI	RAUÐ RÖÐ	GUL RÖÐ	GRÆN RÖÐ	LITLI TÓNSPROTINN
1	34.720 kr.	34.720 kr.	24.800 kr.	8.960 kr.
1+	42.000 kr.	42.000 kr.	30.000 kr.	8.960 kr.
2	29.680 kr.	29.680 kr.	21.200 kr.	7.680 kr.
3	22.400 kr.	22.400 kr.	16.000 kr.	7.680 kr.

FÖSTUDAGSRÖÐ

Miðaverð:	2.900 kr.
Áskrift:	6.960 kr.

ELDBORG
SÆTASKIPAN



MIÐASALA Í HÖRPU

SINFONIA.IS / 528 50 50

ÁSKRIFTARKORT

Áskrift veitir þér 20% afslátt af almennu miðaverði. Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum. Ef keyptar eru tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, er veittur 25% afsláttur. Ef keyptar eru þrjár raðir, Gul, Rauð og Græn, er veittur 30% afsláttur.

REGNBOGAKORT

Hægt er að kaupa Regnbogakort með fernum tónleikum eða fleiri úr hvaða röð sem er eða utan raða. Regnbogakort veitir 20% afslátt.

AFSLÁTTUR FYRIR 25 ÁRA OG YNGRI

50% afsláttur er af Regnbogakortum í verðsvæði 2 og 3 í Eldborg. Einnig býðst þessum aldurshópi að kaupa miða á tónleika samdægurs á 1.700 kr. gegn framvísun Skólakorts sem nálgast má í miðasölu Hörpu.

HÓPAFSLÁTTUR

Veittur er 10% afsláttur fyrir 25–50 miða en 15% fyrir fleiri en 50 miða.

MIÐASALA

Miðasala í anddyri Hörpu er opin 9–18 virka daga og 10–18 um helgar og fram að upphafi tónleika. Miða má kaupa á Netinu á sinfonia.is og harpa.is og í síma 528 50 50.

GJAFAKORT

Gjafakort á tónleika Sinfóniuhljómsveitar Íslands fást í miðasölu Hörpu. Kortin eru í fallegum umbúðum og tilvalin gjöf fyrir tónlistarunnendur.

BÍLASTÆÐI

Í kjallara Hörpu eru gjaldskyld bílastæði. Athugið að bílakjallaranum er lokað á miðnætti en er opnaður kl. 7 að morgni alla virka daga og kl. 10 um helgar. Hægt er að greiða bílastæði fyrir allt tónleikaárið fyrirfram á tónleikadaga að eigin vali.

AÐGENGI FATLAÐRA

Sérstök sæti fyrir hreyfihamlaða eru á aðalgólfi og í stúku á 1. svölum.

SINFÓNÍAN Á NETINU

Við hvetjum alla til að skrá sig á póstlistann á sinfonia.is og fá reglulega sendar fréttir af tónleikum og tilboðum. Einnig er hægt að gerast vinur Sinfóníunnar á Facebook, fylgja okkur á Twitter, Instagram, Youtube og Spotify.

TÓNLEIKASKRÁR

Tónleikaskrár eru afhentar við innganga í tónleikasal. Tónleikaskrárnar eru birtar á sinfonia.is daginn fyrir tónleika.

TÓNLEIKAUPPTÖKUR

Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum á sinfonia.is og ruv.is.

HUGSAÐU ÚT FYRIR MATSEÐILINN

Smart. Geiri Smart. Nýjasti sælkerastaðurinn í bænum. Skapandi eldhús í einstaklega fallegri umgjörð. Engar reglur í matargerðinni, bara alls konar tækifæri sem ferskustu og mest spennandi hráefnin færa kokkunum okkar. Húrra! Húrra! Húrra!

GEIRI SMART
RESTAURANT

Hverfisgata 30 | 528 7050 | geirismart.is | geiri@geirismart.is

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Feðgarnir Martial Nardeau og Matthías Nardeau vinna vinnuna sína með lungum og munni.

Matthías: Annars er ég mjög feginn að það hlýnaði í vikunni. Blöðin eru svo viðkvæm fyrir frostinu. ***Martial:*** Einmitt, það eru alltaf sömu vandræðin með ykkur óbóleikara og þessi blöð. ***Matthías:*** En hvað með pikkólóflautuna, er hún ekkert að springa?

Það er talsvert mikið loft í meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sumir þeirra vinna hreinlega við að dæla því út í heiminn í gegnum rör, pípur og ventla. Hljóðfæri þeirra feðga, Martials og Matthíasar Nardeau, tilheyra bæði tréblástursdeild hljómsveitarinnar, þó að annað þeirra, þverflautan, sé reyndar yfirleitt úr málmi.

Óbóið er viðkvæmt hljóðfæri sem gerir miklar kröfur til óboleikara sem yfirleitt eru í stanslausum vandræðum með svokölluð „blöð“ sem þeir blása í gegnum. Flautan á sér hins vegar langa hefð og hefur fylgt manninum um árþúsundir í ýmsum formum. Martial Nardeau settist að með fjölskyldu sinni á Íslandi árið 1982, sama ár og Matthías fæddist suður í Frakklandi. Martial hefur lagt mikið til tónlistarlífsins hér á landi og ferðast víða til tónleikahalds. Matthías Nardeau er meðal unga fólksins í hljómsveitinni sem fer létt með að taka að sér viðkvæmar sóló-strófur á mikilvægum augnablikum.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

Sinfóníuhljómsveit Íslands 2017/18

Útgefandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands, maí 2017
Ritstjóri: Margrét Ragnarsdóttir
Texti: Árni Heimir Ingólfsson og Hjördís Ástráðsdóttir

Hönnun og umbrot: Döðlur
Ljósmyndir/forsíða: Ari Magg
Aðrar ljósmyndir: Ýmsir

Prentun: Litróf, umhverfisvottuð prentsmiðja

Athugið að tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara. Nýjustu upplýsingar er ávallt að finna á vef Sinfóníuhljómsveitar íslands, sinfonia.is

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Harpa, Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Sími 545 25 00
sinfonia.is

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

Í samstarfi við :

canopy by hilton
REYKJAVÍK | CITY CENTRE

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó